



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Loftvarnir í Reykjavík á
heimsstyrjaldarárunum síðari**

Ráðstafanir og starf loftvarnanefndar Reykjavíkur

Ritgerð til B.A.-prófs

Sævar Logi Ólafsson

September 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Sagnfræði

**Loftvarnir í Reykjavík á
heimsstyrjaldarárunum síðari**

Ráðstafanir og starf loftvarnanefndar Reykjavíkur

Ritgerð til B.A.-prófs

Sævar Logi Ólafsson

Kt.: 090986-2369

Leiðbeinandi: Þór Whitehead

September 2009

Ágrip.

Í kjölfar hernáms Breta á Íslandi í maí 1940 var stofnuð loftvarnanefnd í Reykjavík að frumkvæði lögreglustjóra bæjarins, Agnars Kofoed-Hansens. Loftvarnanefndir voru síðan stofnaðar á þéttbýlisstöðum um allt land í kjölfar loftvarnalaga sem sett voru haustið 1940. Hér verður hins vegar aðeins fjallað um starf nefndarinnar í Reykjavík, en hún annaðist í senn opinberar loftvarnaráðstafanir í Reykjavík og leiðbeindi bæjarbúum um viðbrögð við árásum. Loftvarnanefnd lét það verða eitt af sínu fyrstu verkum að koma á fót fjölmennum hjálparsvetum sjálfboðaliða til stuðnings slökkviliði og lögreglu bæjarins.

Þá lét nefndin útbúa tugi loftvarnaskýla í kjöllumur rammyggðra steinhúsa í höfuðstaðnum ásamt því að koma upp aðvörunarkerfi til að láta vita af yfirvofandi hættu. Aðvörunarkerfi þetta var tvíþætt. Í fyrsta lagi var komið upp fjölda rafflautna (sírena) í bænum sem vældu þegar loftvarnarmerki var gefið. Í öðru lagi var komið upp sérstökum búnaði hjá landsímanum sem hringdi í alla síma bæjarins á sama tíma og kveikt var á rafflautunum.

Nefndin lagði mikla áherslu á að uppfræða almenning þar sem það var talin ein lykilforsenda þess að giftusamlega tækist til ef til loftárása kæmi. Hún lét útbúa leiðbeiningabækling fyrir almenning sem gefinn var út sumarið 1940 og birti einnig ýmsar tilkynningar og fræðslugreinar um loftvarnir í dagblöðunum.

Haldnar voru reglulega loftvarnaæfingar á vegum nefndarinnar. Fjöldi þessara æfinga var í samræmi við flug Þjóðverja til landsins en það jókst nokkuð eftir því sem leið á árið 1941. Loftvarnaæfingarnar voru þó ekki eina íhlutun nefndarinnar í daglegt líf fólks í höfuðstaðnum. Helsta dæmið um slíka íhlutun var skipulagður brottflutningur barna úr bænum sumrin 1940-1944. Loftvarnanefndin lét einnig gera áætlun um almennan brottflutning bæjarbúa að undirlagi herstjórnarinnar, þó hún hafi aldrei komið til framkvæmda. Sama átti við áform um allsherjar myrkvun bæjarins sem lögreglustjóri tilkynnti um á blaðamannafundi sumarið 1940 og vakti svo hörð viðbrögð að ekkert varð úr framkvæmd.

Efnisyfirlit

Ágrip.	1
Inngangur.	3
Stofnun loftvarnanefndar og lagasetning.	5
Starf loftvarnanefndar Reykjavíkur.	10
3.1 Flugumferð og eftirlit.	11
3.2 Loftvarnastrið á heimavelli.	14
3.3 Kostnaður við loftvarnir.	15
Loftvarnaráðstafanir fyrir almenning.	19
4.1 Loftvarnasveitir einstakra húsa.	20
4.2 Loftvarnaráðstafanir innanhúss.	22
4.3 Leiðbeiningar fyrir fólk á ýmsum stöðum.	23
Fyrirkomulag loftvarnasveita.	25
5.1 Hjálparsveitir skáta.	28
5.2 Tryggingar loftvarnasveita.	30
Loftvarnaæfingar.	32
Áhrif loftvarnastarfs á daglegt líf.	38
7.1 Brottflytningur barna úr Reykjavík.	39
7.2 Almennur brottflytningur úr bænum.	42
7.3 Myrkvun Reykjavíkur.	46
Niðurstöður.	51
Heimildaskrá.	54

1. kafli

Inngangur.

„Bresk flotadeild renndi inn í Sundin við Reykjavík í dagrenningu föstudaginn 10. maí 1940, „grá skip í grárri skímu“: Tvö stór beitiskip með einn tundurspilli, sem öslaði í fararbroddi, og annan í kjölfarinu. Lítil sjóflugvél, Walrus-tvíþekja, sveimaði í kringum skipin, hávær og fornleg, en tók síðan skyndilega stefnu inn yfir uppljómaðan bæinn.“¹ Hernámið sem hófst þennan morgun átti eftir að breyta sýn Íslendinga til styrjaldarinnar og kippa þeim inn í blákaldan veruleikann um að átökin sem geisað höfðu á meginlandinu teygðu anga sína til þessarar friðsælu, einangruðu eyju sem kúrði úti í miðju Atlantshafinu langt utan alfaraleiðar.

Sú staðreynd að erlendur her hafði gert sér aðsetur í Reykjavík, sýndi mönnum að Ísland gæti ekki lengur falið sig á bak við varnarmúr hlutleysis. Því þyrfti að gera ráðstafanir til að bregðast við þeirri hættu sem gæti verið yfirvofandi. Í ljósi þess að Þjóðverjar voru búnir að ná næsta algjörum yfirráðum yfir Noregi höfðu möguleikar þeirra til loftárása á Ísland batnað mjög. Auk þess var áráshættan orðin miklu raunhæfari eftir að hinn stríðsaðilinn tók sér varðstöðu í höfuðstaðnum. Sólarhring eftir hernámið sendi Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri Hermanni Jónassyni forsætis- og dómsmálaráðherra bréf þar sem hann hvatti til þess að stofnuð yrði loftvarnanefnd. Þar sem breska setuliðið hefði ekki gert neinar ráðstafanir til öryggis íbúa Reykjavíkur, taldi lögreglustjóri það vera sitt hlutverk að sjá til þess að komið yrði á loftvörnum í bænum.²

Loftvarnanefnd Reykjavíkur var stofnuð í kjölfar áskorunar Agnars til forsætis- og dómsmálaráðherra og starfaði hún til 18. maí 1945 en þá var hún lögð niður. Á þessum fimm árum sem nefndin starfaði hélt hún 96 fundi. Var oft á tíðum tekist hart á um hin ýmsu mál innan nefndarinnar, en einnig átti hún í deilum við bæjarstjórn og ríkisstjórn. Agnar Kofoed-Hansen var skipaður formaður nefndarinnar og sat í því embætti þar til nefndin var lögð niður. Í nefndina voru einnig skipaðir í upphafi fulltrúar eftirtalinnna aðila: Gunnlaugur Briem verkfræðingur frá Landsímanum, Gunnlaugur Einarsson læknir frá Rauða krossi Íslands, Helgi Tómasson læknir fulltrúi skáta og

¹ Þór Whitehead, *Bretarnir koma. Ísland í síðari heimsstyrjöld*: Vaka-Helgafell. (Reykjavík 1999) bls. 9.

² Þjóðskjalasafn Íslands [hér eftir ÞÍ]. Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Bréf lögreglustjóra til forsætis- og dómsmálaráðherra 11. maí 1940.

Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur fulltrúi Reykjavíkurbæjar. Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri Handíðaskólans var ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri nefndarinnar en við setningu bráðabirgðalaga um loftvarnir í ágúst 1940 tók Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri við starfi framkvæmdastjóra en Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og bæjarfulltrúi tók sæti Valgeirs Björnssonar sem fulltrúi Reykjavíkurbæjar. Helgi Tómasson fékk lausn úr nefndinni og Gunnar Thoroddsen lögfræðingur tók sæti hans 25. október 1940 en hafði þar ekki langa viðdvöl því að Helgi H. Eiríksson tók við af honum innan mánaðar.

Í febrúar 1942 kom Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir og þáverandi formaður Rauða krossins inn í nefndina í stað Gunnlaugs Einarssonar. Þá hættu þeir Jón Axel Pétursson og Helgi H. Eiríksson að sækja fundi nefndarinnar þótt þeir hefðu hvorki sagt af sér né verið vísað úr henni. Þetta vakti óánægju hjá formanni nefndarinnar vegna þess að hann taldi suma nefndarmenn, einkum Jón Axel, skorta metnað til starfa, svo sem fram kæmi í slakri fundarsókn hans. Upp frá þessu tóku því í raun aðeins þrír menn þátt í störfum nefndarinnar, þar til hún var lögð niður í stríðslok: Agnar Kofoed-Hansen, Gunnlaugur Briem og Sigurður Sigurðsson.³

3. mars 1941 var ákveðið að ráða Svein S. Einarsson verkfræðing sem framkvæmdastjóra nefndarinnar og skyldi hann sinna því starfi ásamt Pétri slökkviliðsstjóra. Pétur myndi sjá um stjórn og þjálfun slökkviliðs og ruðningssveita ásamt því að sinna forstöðu hinnar almennu skrifstofu nefndarinnar. Sveinn átti aftur á móti að sjá um að stjórna og þjálfa byrgisverði, hverfisverði, húsverði og hverfislið auk þess sem hann ætti að fylgjast með loftvarnaráðstöfunum erlendis. Hann ætti jafnframt að vera ritari nefndarinnar og sjá um samvinnu við setuliðið, samninga og leiðbeiningar fyrir almenning.⁴

Jörundur Pálsson auglýsingateiknari, og síðar arkitekt, var ráðinn framkvæmdastjóri nefndarinnar í stað Sveins 13. maí 1942. Honum var síðan sagt upp störfum í júní 1943 eftir að upp komu deilur sökum fjármálamisferlis sem Jörundur var talinn eiga þátt í ásamt fleirum.

³ Borgarskjalasafn Reykjavíkur [hér eftir BSR], 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar.

⁴ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 11. mars 1941.

2. kafli

Stofnun loftvarnanefndar og lagasetning.

Laugardaginn 11. maí 1940, eða rúmum sólarhring eftir að erlendur her steig fæti á landið, má segja að loftvarnaráðstafanir hefjist með stofnun loftvarnanefndar Reykjavíkur. Að kvöldi þessa dags tók nefndin til starfa og hélt síðan fyrsta bókfærða fund sinn sunnudaginn 12. maí.⁵ Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri hvatti eindregið til þess að gripið væri til aðgerða til varna þar sem liðinn væri rúmur sólahringur frá hertöku landsins án þess að breski herinn hefði ekki séð ástæðu til þess að gera neinar ráðstafanir til öryggis íbúum Reykjavíkurbæjar.⁶ Lögreglustjóri vísaði til þess að ábyrgð á loftvörnum hvíldi á honum og bar fram tillögur um það efni í sjö liðum. Tillögurnar hljóðuðu upp á stofnun fimm manna loftvarnanefndar sem hann skipaði sjálfur og stýrði. Koma þyrfti á stofn nákvæmu eftirgrennslanakerfi með aðstoð landsímans, sem tilkynna myndi um hreyfingu allra flugvéla á leið yfir landið. Auk þess þyrfti að koma upp viðvörðunarkerfi sem skrifstofa lögreglustjóra gæti virkjað ef líkur bentu til að loftárás væri í vændum. Kanna þyrfti alla kjallara í bænum og merkja þá og gera hæfa sem loftvarnabyrgi ásamt því að koma fyrir tilheyrandi áhöldum í þeim. Stofna þyrfti loftvarnasveitir með aðstoð skáta, lögreglu, varalögreglu og sjálfbóðaliða til að annast fyrstu hjálp og flutning slasaðra á spítala ásamt því að sjá um almenn ruðningsstörf, þ.e.a.s ryðja til í rústum af hrundum húsum til að komast að slösuðum mönnum og ryðja braki af götum. Einnig þyrfti að skipuleggja brottflutning allra þeirra bæjarbúa, sem ekki þyrftu nauðsynlega að hafast við í bænum ef til stórfelldra loftárása kæmi, svo sem kvenna, barna og atvinnuleysingja. Að lokum þyrfti loftvarnanefndin að gefa út reglur fyrir almenning um nauðsynlegar loftvarnaráðstafanir í heimahúsum og alla almenna hegðun í loftárásum.⁷

Fimm manna loftvarnanefnd var stofnuð eins og áður segir laugardaginn 11. maí og var Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri formaður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri

⁵ „Fyrirætlanir loftvarnanefndar“, *Morgunblaðið* 14. maí 1940.

⁶ Þí. Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Bréf lögreglustjóra til forsætis- og dómsmálaráðherra 11. maí 1940.

⁷ Þí. Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Bréf lögreglustjóra til forsætis- og dómsmálaráðherra 11. maí 1940.

nefndarinnar var ráðinn Lúðvíg Guðmundsson, skólastjóri Handíðaskólans sem átti eftir að reynast dugmikill í forystuhlutverkinu og ötull við að koma sjónarmiðum og tilmælum nefndarinnar til almennings í gegnum fjölmiðla.⁸

Á fyrsta fundi nefndarinnar sunnudaginn 12. maí var dagskráin að mestu leyti sniðin eftir tillögum lögreglustjóra til Hermanns Jónassonar forsætis- og dómsmálaráðherra. Fyrsta mál á dagskrá sneri að viðvörunarkerfi. Lögreglustjóri og símaverkfræðingur höfðu beðið símstöðvar og skipsstjórnarmenn um að láta vita af öllum flugvélaferðum í kringum landið auk þess sem ákveðið hafði verið að ráða 19 verði til bráðabirgða til að fylgjast með flugvélaferðum. Á fundinum var einnig ákveðið fyrirkomulag aðvörunarkerfis með sírenum sem koma áttu upp á næstu dögum. Nefndarmenn höfðu þegar skoðað fjölda kjallara í bænum til að útbúa sem loftvarnabyrgi auk þess sem rætt var um að stofna loftvarnasveit með skátum, lögreglu, slökkviliði og öðrum aðilum til þess að vinna að fyrstu hjálp og ruðningsstörfum.

Á nefndarfundinum kom upp hugmynd um að gera bráðabirgðaspítala í húsnæði Háskóla Íslands og rætt var um loftvarnareglur fyrir almenning. Þá var rætt nokkuð um brottflutning fólks frá Reykjavík ef til stórfelldra árása kæmi og kom fram að barnaheimilið að Silungapólli hefði boðist til að taka við 100 börnum.⁹

Loftvarnanefndin hélt sinn næsta fund laugardaginn 18. maí þar sem kom fram að loftvarnanefndin hefði opnað skrifstofu sem opin væri milli klukkan 9 og 18 daglega og væri Helgi Jónasson fastamaður á skrifstofunni. Þar sem Bretar höfðu boðist til að koma fyrir 100 sjúkrarúmum með tilheyrandi útbúnaði í stúdentagarðinum við Hringbraut og skipta öðrum 100 rúmum á milli spítala bæjarins, taldi loftvarnanefnd ekki þörf á frekari aðgerðum af hennar hálfu varðandi sjúkrarými.

Fyrirferðamest á þessum fundi var umræða um kostnaðarhlið loftvarna þar sem ekki voru til nein lög sem fjölluðu um það efni og því óljóst hver bæri kostnað af ráðstöfunum nefndarinnar. Setuliðið hafði hins vegar tekið við umsjón varðstöðva Landsímans og samþykkt að greiða kostnaðinn af þeim. Kom það fram á nefndarfundinum að varðmenn ættu að tilkynna um allar flugvélar til höfuðstöðva setuliðsins á Hótel Borg. Setuliðið myndi koma upplýsingunum áfram til loftvarnanefndar þegar þörf væri á og taka á sig alla ábyrgð á þessari starfsemi.

⁸ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 198.

⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1940.

Ríkissjóður hefði samþykkt að greiða kostnað við uppsetningu og reksturs sírena til hljóðmerkjagjafa fyrir Reykjavík og standa jafnframt straum af kostnaði við nauðsynlegan útbúnað.¹⁰

Mikið var þó rætt um kostnaðinn af loftvörnum næstu vikur, og hvernig hann ætti að skiptast niður á ríkissjóð, bæjarsjóð og á íbúa bæjarins. Þá var einnig rætt um hvort greiða ætti leigu fyrir kjallara sem gerðir voru að loftvarnabyrgjum, því engar lagaheimildir voru til um slík efni.

Það var ekki fyrr en 2. ágúst 1940 að ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög um loftvarnaráðstafanir vegna brýnnar nauðsynjar.

1. gr.

Bæjar- eða sveitastjórnnum er heimilt í samráði við ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til loftvarna í Reykjavík og annars staðar hér á landi og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarnanna, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra loftvarnanefnda, er skipaður skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgarleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkumlagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50-10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði, samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í staði.¹¹

¹⁰ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 18. maí 1940.

¹¹ „Bráðabirgðalög um loftvarnaráðstafanir“, *Lögbirtingarblaðið* 6. ágúst 1940.

Lög þessi voru að mestu samhljóða þeim tillögum sem loftvarnanefnd hafði sent ríkisstjórninni í lok maí 1940. Nefndin hafði líka lagt áherslu á það að traustleiki varnarkerfis þess, sem byggt yrði, hlaut mjög að vera því háður, að málum þessum yrði skipað með lögum, er skýrt marki umdæmi, viðfangsefni og vald nefndarinnar, skyldur borgaranna, svo og það, hver, eða hverjir, skyldu bera kostnaðinn við loftvarnirnar.¹²

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 6. ágúst 1940 var rætt um bráðbirgðalögin og borgarritara falið að fá skýrslu lögreglustjóra um þær loftvarnaráðstafanir sem til þessa höfðu verið gerðar, svo og kostnað við þær. Bæjarráð óskaði eftir að starf loftvarnanefndarinnar héldist óbreytt þar til bæjarstjórnin gæti tekið ákvörðun um ráðstafanir og skipun nýrrar loftvarnanefndar samkvæmt bráðabirgðalögunum, enda ætti borgarritari að samþykkja öll útgjöld í þessu skyni.¹³

Bæjarráð valdi síðan nýja loftvarnanefnd á fundi sínum 16. ágúst 1940 og hélt sig við sömu menn og áður nema hvað Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og bæjarfulltrúi tók sæti Valgeirs Björnssonar. Bæjarráð lýsti því einnig yfir að það ætlaðist til að skrifstofa loftvarnanefndar yrði í slökkvistöðinni við Tjarnargötu og yrði starfrækt af slökkviliðsmönnum.¹⁴ Þessi samþykkt var gerð til að reyna að draga úr rekstrarkostnaði sem þótti fullmikill en kostnaður við loftvarnir í Reykjavík var þá orðinn 37 þúsund krónur samkvæmt upplýsingum *Alþýðublaðsins*. Þegar bæjarstjórn fól bæjarráði að skipa nýja loftvarnanefnd skoraði hún ennfremur á ráðið að hafa sem mestan hemil á útgjöldum nefndarinnar.¹⁵

Vorið 1941 komst meiri festa á loftvarnastarfið, þegar Alþingi samþykkti frumvarp um það efni sem varð að lögum 27. júní sama ár.¹⁶ Nýju lögin voru í grundvallaratriðum samhljóða bráðabirgðalögunum sem samþykkt voru haustið áður, en eins og fram kom í heiti þeirra, voru þau víkkuð út til að ná einnig yfir varnir gegn „hættum af hernaðaraðgerðum“. Þar höfðu menn m.a. í huga hættuna af innrás Þjóðverja í landið. Orðalagi gömlu laganna var einnig breytt á ýmsum stöðum og tveimur nýjum greinum bætt við þau. Önnur hljóðaði svo: „Ef brýna nauðsyn ber til, að

¹² „Loftvarnamál VII, Lögin komin“, *Morgunblaðið* 8. ágúst 1940. – Allar beinar tilvitnanir hafa verið lagfærðar að nútímastafsetningu.

¹³ BSR, 29: Gjörðabók bæjarráðs 6. ágúst 1940.

¹⁴ BSR, 29: Gjörðabók bæjarráðs 16. ágúst 1940.

¹⁵ „Kostnaður við loftvarnir orðinn 37 þús. kr.“, *Alþýðublaðið* 17. ágúst 1940.

¹⁶ *Alþingistíðindi 1941 A*. Þingskjöl: 273, 339, 506, 561.

fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.¹⁷ Þá var bætt við lögin þessari grein: „Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.“¹⁸ Með lagasetningunni 1941 var starf loftvarnanefndar að mestu skilgreint, en þó voru ýmis ágreiningsmál sem ekki voru leyst með lögum þessum svo sem hvernig háttáð skyldi tryggingum fyrir loftvarnasveitir, sjálfboðaliða og bifreiðar í þjónustu loftvarnanefnda.

Þegar brottflutningsnefnd var stofnuð í febrúar 1942 vann hún aðgerðaráætlanir sínar eftir 5. grein laganna og gerði þar bæði ráð fyrir flutningi fólks úr bænum vegna loftárása og annarra hernaðaraðgerða.¹⁹

Í kjölfar bráðabirgðalaganna voru öll sveitarfélög hvött til að stofna þriggja manna loftvarnanefnd í öllum þéttbýlisstöðum. Frá því í júní 1940 hafði þó verið gripið til voru loftvarnarráðstafana á ýmsum stöðum utan Reykjavíkur, svo sem á Patreksfirði, Siglufirði og Hafnarfirði. Þá hafði loftvarnanefnd Reykjavíkur hvatt önnur bæjarfélög til að stofna sínar slíkar nefndir og koma á sambandi við sig. Á Akureyri var til dæmis stofnuð þriggja manna loftvarnanefnd í júní 1940 þar sem Sigurður Eggerz bæjarfógeti var í forsvari, en líkt og í öðrum loftvarnanefndum breyttist mannaskipunin með tilkomu bráðabirgðalaganna.²⁰

¹⁷ Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52, 27. júní 1941.

¹⁸ Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52, 27. júní 1941.

¹⁹ Sjá nánar í kafla 8.1.

²⁰ Jón Hjaltason, *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði: Hólar. (Akureyri 1991)* bls. 61-62.

3. kafli

Starf loftvarnanefndar Reykjavíkur.

Eitt af fyrstu verkum nefndarinnar var að stofna hjálparveitir og koma skipulagi á alla neyðarstarfsemi. Sunnudaginn 12. maí skoðaði nefndin kjallara víðsvegar um bæinn. Kjallararnir voru merktir með rauðum örvum og gerðir klárir sem loftvarnabyrgi fyrir þann hluta almennings sem væri á ferli um bæinn þegar hættumerki yrði gefið. Alls var loftvarnanefnd búin að láta útbúa 50 opinber loftvarnabyrgi þegar fyrsta almenna loftvarnaæfingin var haldin 8. júní 1940. Talsvert skorti þó á að sá fjöldi opinberra byrgja nægði fyrir þá íbúa bæjarins sem ætla mátti að væri á ferli, ef til ársásar kæmi að degi til.²¹

Í fyrstu atrennu lét loftvarnanefndin setja upp 15 loftvarnaflautur víðsvegar um bæinn, en sex þeirra voru komnar upp í lok maí 1940²² Þá var 11 flautum bætt við árið 1941 og var þá dreifing loftvarnaflauta loks talin viðundandi fyrir öryggi bæjarins.²³

Í ársbyrjun 1941 voru loftvarnabyrgi fyrir vegfarendur orðin alls 26 talsins í austurbænum, 10 í miðbænum, 13 í vesturbænum og fimm í úthverfum. Sífelld var verið að bæta við byrgjum á tímabilinu 1940-1941 auk þess sem það kom í ljós eftir fyrstu æfinguna að aðbúnaður í þeim væri síst til eftirbreytni. Það átti sérstaklega við um loftræstingu og salernismál auk þess sem talið var nauðsynlegt að koma fyrir bekkjum í byrgjunum.

Loftvarnanefnd setti jafnframt saman reglugerð um afnot af opinberum loftvarnabyrgjum þar sem tekið var fram að þau væru fyrst og fremst fyrir þá sem staddir væru úti við þegar merki um hættu væri gefið. Þá var tekið fram, að allir sem þar leituðu athvarfs skyldu dvelja þar uns merki væri gefið um að hætta væri liðin hjá nema alvarlegar skemmdir yrðu á því húsi sem byrgið væri í. Reykingar voru stranglega

²¹ „Loftvarnaæfingin“, *Þjóðviljinn* 9. júní 1940.

²² Fyrstu 15 flauturnar voru staðsettar sem hér segir: Á Landsímahúsinu, Landakotskirkju, Freyjugötu 35, Hverfisgötu 82, Bræðraborgarstíg 52, Reykjavíkurvegi 5, Fálkagötu 13, Skólavörðustíg 12, Sænska frystihúsinu við Kalkofnsveg, Galtafelli við Laufásveg, Bræðraborgarstíg 4, Karlagötu 22, Laugarnesvegi 50 og Hljómskálanum. BSR, 3128: skýrsla með uppdráttum yfir loftvarnaflautur bæjarins - BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 27. maí 1940.

²³ Þær 11 flautur sem bætt var við voru staðsettar á Kennaraskólanum, Laugarásblettinum, Kaplaskjólí, Þvervegi, Reynimel 32, Tjarnargötu 39, Vesturgötu 20, Skúlagötu, Njálsgötu 19, Laugavegi 147 og Laufásvegi 10. BSR, 3128: Skýrsla með uppdráttum yfir loftvarnaflautur bæjarins.

bannaðar í opinberum byrgjum og menn áminntir um að halda þar rósemi sinni og yfirgefa skýli rólega og skipulega um leið og hættan væri liðin hjá. Mönnum var falið að hlýða fyrirmælum byrgisvarðanna í hvívetna og auk þess bannað að brjóta að nauðsynjalausum innsigli sjúkra- og áhaldakassa og fjarlægja eða skemma hjálpargögn. Brot á þessum reglum skyldu varða sektum allt frá 50 til 10.000 krónum.²⁴

Í lok sumars 1940 var starfsemi loftvarnanefndar í Reykjavík öll komin í fastari skorður og búið að bæta úr þeim byrjunarörðugleikum sem hrjáðu starfsemina í upphafi. Í heild kom nefndin upp 20 athugunarstöðvum um allt land. Voru þær mannaðar allan sólahringinn og sáu um að fylgjast með ferðum flugvéla og láta vita af þeim símleiðis til Reykjavíkur í gegnum Landsímamann. Setuliðið tók eins og áður segir við stjórn og kostnaði á þessu eftirlitskerfi á fyrstu dögum hernámsins. Eftir því sem leið á sumarið 1940 og setuliðið kom sér fyrir á fleiri stöðum á landinu, fækkaði athugarstöðunum á vegum Landsímans. Í ágúst 1940 voru einungis eftir níu eftirlitsstöðvar.²⁵

3.1 Flugumferð og eftirlit.

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 25. apríl 1941 var samþykkt tillaga loftvarnanefndar um að ráðnir skyldu þrír varðmenn í turn Landakotskirkju til að hafa eftirlit með flugvélaferðum og fá yfirsýn yfir það hvar eldar kynnu að kvikna í bænum af völdum loftárása.²⁶ Nauðsynlegt þótti að varðmennirnir í Landakotsturninum hefðu beint símasamband við höfuðstöðvar loftvarnanefndar í kjallara Oddfellow-hússins og höfuðstöðvar bresku setuliðsstjórnarinnar. Auk þess var talið brýnt að í Landakotsturninum væri rofi til að virkja loftvarnaflautur bæjarins. Stofngjald af símastreng í turninum var áætlað 4500 krónur, en árlegt afnotagjald 1000 krónur. Ákveðið var að varðmennirnir fengju 450 krónur í mánaðarlaun og má með sanni segja að þeir hafi unnið vel fyrir þeim peningum.²⁷

Enda þótt upphaflega hafi verið ráðgert að breska setuliðið léti loftvarnanefnd vita af yfirvofandi hættu, þá gerðist það alloft að varðmennirnir í turninum ræstu

²⁴ BSR, Almannavarnanefnd Reykjavíkur. Askja 7, ör 8 – Slökkvilið Reykjavíkur.

²⁵ BSR, 3128: Skýrsla frá Lúðvíg Guðmundssyni til bæjarráðs Reykjavíkur 8. ágúst 1940.

²⁶ BSR, 29: Gjörðabók bæjarráðs 25. apríl 1941.

²⁷ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 6. maí 1941.

loftvarnaflautur bæjarins löngu áður en Bretar tóku eftir því að flugvél nálgadist bæinn. Breska setuliðsstjórnin taldi þetta grunsamlegt og setti varðmennina í turninum á lista yfir „hættulega menn“, sem handtaka átti ef hætta væri á innrás Þjóðverja. Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri var þar raunar fremstur í flokki vegna tengsla sinna við Þýskaland fyrir stríðið. Taldi setuliðið víst að Agnar og hans menn fengju viðvaranir frá þýska hernum á meginlandi Evrópu áður en flugvélar nálguðust Ísland! Skýringin á viðbragðsflýti varðmanna, var þó öllu hversdagslegri, því að þeir voru allir sviffflugmenn fullir af áhuga á flugi og flugvélum. Þeir þekktu því gerðir og hljóð margra flugvéla, þótt þær birtust þeim í fjarska. Auk þess voru þeir nokkuð vel að sér í veðurfræði og vissu hvenær flugskilyrði væru hagstæðust yfir Atlantshafi. Þá höfðu þeir mestan vara á sér og skilaði það oft tilætluðum árangri.²⁸

Flug Þjóðverja til Íslands var ekki mikið í fyrstu en átti eftir að aukast og varð talsvert umfangsmikið á árunum 1942 og 1943. Fyrsta flug Þjóðverja sem vitað er um til landsins var könnunarflug í veðurathugunarskyni upp að austurlandi 14. júlí 1940 en 3. nóvember sama ár flaug fyrsta þýska flugvélin yfir Reykjavík og Kaldaðarnes til að kanna viðbúnað Breta.²⁹ Þegar sú vél flaug yfir bæinn voru ekki gefin nein aðvörunarmerki um loftárásahættu og hrukku bæjarbúar því aldeilis við þegar setuliðið hóf skothríf á flugvélinu. Loftvarnanefndin gaf í kjölfarið út yfirlýsingu þar sem kom fram að engin tilkynning hefði borist frá breska setuliðinu um yfirvofandi loftárás og því hafi nefndin ekki látið sírenur gefa aðvörunarmerki.³⁰

Þýskar flugvélar sóttu í sig veðrið þegar leið á árið 1941 og urðu tíðir gestir yfir landinu, þegar kom fram á árið 1942. Þá hafði Bandaríkjaher tekið við vörnum landsins af Bretum, þótt þeir héldu hér áfram úti sjóliði og flugliði.

Eftir því sem leið á stríðið breyttist tilgangurinn með njósnaflugi Þjóðverja til Íslands. Í stað þess að njósna um umsvif bandamanna í landinu beindist flugið einkum að því að fylgjast með skipalestum þeirra sem komu saman við Austfirði og héldu þaðan áleiðis til Rússlands. Fram á haust 1942 voru ferðir þýskra flugvéla upp að Austfjörðum

²⁸ Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum. Minningar Agnars Kofoed-Hansens*: Almenna Bókafélagið. (Reykjavík 1981) bls. 193-194.

²⁹ Friðþór Eydal, *Vígdrekar og vopnargnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*: Bláskeggur. (Kópavogi 1997) bls. 217-239.

³⁰ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri. I. Hernám Íslands*. Bókaútgáfan Virkið: (Reykjavík 1984) bls. 104-107.

til dæmis mjög tíðar og voru nokkur dæmi um að þær vörpuðu sprengjum að skipum á fjörðunum. Haustið 1943 lögðust ferðir þýskra flugvéla við Ísland af um tíma þar sem þær voru önnur kafnar á öðrum vígstöðvum og umsvifin ekki jafn mikil og áður. Þó héldu þýskar flugvélar áfram að koma stöku sinnum í könnunarflug til landsins allt fram að stríðslokum.³¹

Í september 1941 fannst breska setuliðinu loftvarnanefndin í Reykjavík vera orðin full bráð á sér við að gefa merki um yfirvofandi hættu. Kváðust Bretar einungis ætla að gefa ýrtruðu viðvörðun, „red air warning“, sem mælti fyrir um hæsta viðbúnaðarstig, ef vart yrði við fleiri en tvær flugvélar ellegar ein flugvél tæki upp á því að kasta sprengju eða hefja skothríð.³² Loftvarnefndin var ósátt við þessa afstöðu Breta og ályktaði að aldrei væri hægt að vita hvenær ein flugvél, sem aðeins virtist í könnunarleiðangri, kynni að taka upp á því að kasta sprengjum eða skjóta af byssum sínum. Þá yrði að gæta að því að um leið og þýsk flugvél birtist yfir bænum, mætti búast við að hafin yrði skothríð á hana úr loftvarnabyssum og um leið hlyti almenningi að stafa bráð hætta af sprengibrotum. Þá gæti það ógnað öryggi fólks, ef þýsk flugvél snerist til varnar með vélbyssuskothríð eða til loftbardaga kæmi milli hennar og flugvéla bandamanna. Óskaði loftvarnanefndin eftir því að dómsmálaráðuneytið beitti sér fyrir því að engin breyting yrði gerð á þeirri stefnu sem fylgt hefði verið varðandi aðvörðunarkerki.³³ Röksemdarfærsla loftvarnanefndarinnar var tekin til greina og í bréfi frá breska sendiherranum 29. september 1941 kemur fram að aðvörðunarkerkjum yrði ekki breytt að sinni. Áfram yrði gefið „yellow air warning“, sem þýddi að árás væri möguleg, þegar óvinveitt flugvél nálgast landið og „red air warning“, þegar miklar líkur væru taldar á árás og óvinveitt flugvél nálgast höfuðstaðinn sjálfan.³⁴

³¹ Friðþór Eydal, *Vígdrekar og vopnargnýr*: bls. 217-239.

³² ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 16 Nr. 132: Bréf utanríkisráðuneytis til dóms- og kirkjumálaráðuneytis 3. september 1941.

³³ ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 16 Nr. 132: Bréf frá lögreglustjóra til utanríkisráðuneytis 10. september 1941.

³⁴ ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 16 Nr. 132: Bréf utanríkisráðuneytis til dóms- og kirkjumálaráðuneytis 1. október 1941.

3.2 Loftvarnastríð á heimavelli.

Þrátt fyrir að starf loftvarnanefndarinnar væri mikið og nauðsynlegt þá voru ekki allir á eitt sáttir um hvernig starf þetta skyldi unnið og um það spunnust háværar pólitískar deilur. Sjálfstæðismenn, sem mynduðu meirihluta í bæjarstjórn Reykjavíkur undir forystu Bjarna Benediktssonar borgarstjóra, vildu koma stjórn loftvarnamála undir Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóra bæjarins. Ella myndi ríkisstjórnin stofna til óheyrilegra loftvarnaútgjalda sem myndu bitna á bæjarsjóði að stórum hluta. Bæjarstjórnin var greinilega ósátt við að Hermann Jónasson forsætis- og dómsmálaráðherra hefði skipað ungan og ólöglerðan mann, Agnar Kofoed-Hansen, lögreglustjóra án samráðs við bæjaryfirvöld 1939. Þessi óánægja bæjarstjórnarmeirihlutans með lögreglustjórnann kann að hafa ýtt undir deilur um skipulag og útgjöld á sviði loftvarna, en þar tókust á tvær fylkingar. Í annarri fylkingunni voru þeir Hermann, Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri og jafnaðarmaðurinn Lúðvíg Guðmundsson. Í hinni fylkingunni stóðu þeir fremstir Bjarni Benediktsson borgarstjóri og Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri ásamt meirihluta bæjarstjórnar Reykjavíkur.³⁵ Svo harðar urðu deilur þessara fylkinga að Lúðvíg Guðmundsson framkvæmdastjóri loftvarnanefndarinnar hótaði að segja af sér sumarið 1940, ef nefndin fengi ekki meira vald í sínar hendur.³⁶

Bæjarráð ályktaði hins vegar í kjölfar bráðabirgðalaga um loftvarnir í ágúst 1940 að það ætlaðist til að skrifstofa loftvarnanefndar yrði í slökkvistöðinni og starfrækt af slökkviliðsmönnum.³⁷ Þá ítrekaði bæjarráð þessa afstöðu sína í bréfi til loftvarnanefndar í september 1940 þar sem einnig kom fram að bæjarráð teldi sjálfsagt að forstaða loftvarnanna væri falin slökkviliðsstjóra undir stjórn nefndarinnar.³⁸ Í kjölfarið hætti Lúðvíg Guðmundsson störfum í loftvarnefnd þar sem bæjarráð neitaði að borga lengur kostnað við skrifstofu nefndarinnar með tilvísun í bráðabirgðalögin.

Þrátt fyrir að setuliðsstjórnin hefði verið ósátt við að stjórn loftvarna væri í höndum „Þjóðverjavarins“ Agnars Kofoed-Hansens, þá gladdist hún ekki hót yfir auknu forræði Péturs Ingimundarsonar slökkviliðsstjóra í þessum málum. Hann var

³⁵ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 204-205.

³⁶ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 23. júlí 1940.

³⁷ BSR, 29: Gjörðabók bæjarráðs 16. ágúst 1940.

³⁸ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 18. september 1940.

talinn meðal hættulegustu Þjóðverjavina í Reykjavík og tveir synir hans höfðu verið dyggir meðlimir í flokki íslenskra nasista fyrir stríð. Setuliðsstjórnin hafði áður ákveðið að Pétur og sonur hans, Kjartan brunavörður, ættu að vera í hópi þeirra manna, sem hér skyldu handteknir, ef árás Þjóðverja væri yfirvofandi. Því hlaut henni að vera ljóst, að æðsta stjórn almannavarna kunni að ganga úr skorðum á neyðarstundu, ef slökkviliðsstjóri færi með þau völd, sem honum voru ætluð af bæjarstjórninni.³⁹

Enda þótt deilur um skipulag loftvarna hjöðnuðu eftir því sem leið á stríðið, þá kom upp ágreiningur milli nefndarinnar og stjórnvalda vegna byggingu loftvarnaskýla á árunum 1942-1943. Þrír menn sáu um þessa byggingu fyrir loftvarnanefnd, þeir Kristján Fr. Kristjánsson, verkstjóri, Jörundur Pálsson, auglýsingateiknari og framkvæmdastjóri loftvarnanefndar, og Jóhannes Jónasson verslunarmaður. Bæjarsjóður og ríkissjóður töldu sig eiga kröfu uppá 67 þúsund krónur á hendur þessum þremur mönnum. Var sú krafa þannig til komin að samkvæmt uppmælingu á timbri sem fór í skýlin var magnið töluvert minna en það sem keypt hafði verið en auk þess var talið að þeim Jörundi og Jóhannesi hefði verið stórlega ofgreitt fyrir vinnu og akstur. Af þessum sökum var Jörundur rekinn úr starfi framkvæmdastjóra nefndarinnar sumarið 1943 og fram fór opinber rannsókn á þessu máli.⁴⁰

3.3 Kostnaður við loftvarnir.

Eitt af því sem oft varð að ágreiningsefni í starfi loftvarnanefndarinnar, var kostnaður vegna ýmissa ráðstafana sem nefndin taldi þörf á, en bæjarstjórn og ríkisstjórn var ekki alltaf sama sinnis. Á fyrstu mánuðunum sem nefndin starfaði var kostnaðarhliðin mikið til umræðu sökum þess að ekki voru til nein fordæmi fyrir loftvarnaútgjöldum. Þar sem ekki voru sett lög um loftvarnaráðstafanir fyrr en með haustinu, þá voru menn ekki á eitt sáttir um það hver skyldi bera kostnaðinn af þeim. Þessar deilur voru í beinu samhengi við ágreininginn um yferráð yfir loftvarnarnefndinni á milli bæjarstjórnar og ríkisstjórnar líkt og segir í kaflanum hér á undan. Ásakanir gengu á milli fylkinga um að menn væru að notfæra sér ástandið með því að stofna til útgjalda í einkaþágu sem skiptist til helminga á milli ríkis og bæjar.

³⁹ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 205.

⁴⁰ BSR, 3128: Bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 16. ágúst 1944.

Í greinargerð sem Agnar Kofoed-Hansen sendi forsætis- og dómsmálaráðherra á fyrstu starfsdögum nefndarinnar reiknast honum gróflega til að kostnaður vegna loftvarnaráðstafana yrðu um 55.000 krónur auk 12.000 króna framlags á mánuði fyrir eftirgrennslanakerfi Landsímans. Þar að auki mætti gera ráð fyrir ýmsum öðrum útgjöldum, meðal annars vegna brottflutnings íbúa, skipulagsstarfs vegna sjálfboðaliða og fleiri þátta. Þessar 55.000 krónur myndu skiptast þannig að 15.000 krónur þyrfti til að koma upp 20 hjólflautum og 20 rafmóturum til að gefa hljóðmerki sem heyrðust um allan bæinn. 10.000 krónur þyrfti til að útbúa loftvarnabyrgi, en kostnaðurinn af búnaði og ýmsu fleira fyrir loftvarnasveitir væru 5.000 krónur. Stærsti kostnaðarliðurinn væri 25.000 fyrir rúmstæði, áhöld og fleiri hluti fyrir sjúkrahúsin. Loftvarnaráðstafanir þessar teldust allar til svokallaðra „passívra“ loftvarna, en þær væru lágmark þess sem hægt væri að fara fram á við þær kringumstæður sem við blöstu.⁴¹

Skömmu eftir að kostnaðaráætlun fyrir loftvarnarstarf var send til forsætis- og dómsmálaráðherra, tók breska setuliðið við varðstöðvunum sem settar voru upp í símsstöðvum um allt land. Þá buðust Bretar til að koma upp herspítala með 100 sjúkrarúmum í stúdentagarði háskólans ásamt því að útvega 100 sjúkrarúm í viðbót sem skiptast myndu á milli sjúkrahúsa bæjarins eins og áður hefur verið greint frá. Því taldi loftvarnanefnd ekki þörf á neinum frekari aðgerðum af hennar hálfu í sjúkrahúsmálum.⁴²

Þar til bráðabirgðalög um loftvarnir tóku gildi í ágúst 1940, reyndist kostnaður við loftvarnir í Reykjavík alls 13.775,18 krónur, þar af voru laun 2.625 krónur og kostnaður vegna sandpoka, sandaksturs og mokstur 6.353,23 krónur. Ógreiddur var þó kostnaður við aðvörunarkerfið sem Landsíminn hafði annast, en hann var áætlaður um 20.000 krónur auk meiri flutningskostnaðar á sandi, sem áætlaður var um 3.225 krónur.⁴³ Frá því að bráðabirgðalögin tóku gildi greiddi ríkissjóður 6.745,44 krónur til loftvarnamála, en þar af endurgreiddi bæjarsjóður honum helminginn.⁴⁴ Því var heildarkostnaður vegna loftvarnaráðstafana árið 1940 alls 43.745,44⁴⁵ krónur. Þar með

⁴¹ Þí, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Bréf Lögreglustjóra til forsætis- og dómsmálaráðherra 16. maí 1940.

⁴² BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 18. maí 1940.

⁴³ BSR, 3128: Kostnaður vegna loftvarna 14. maí – 8. ágúst (ódagsett).

⁴⁴ BSR, 3128: Erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til bæjarsjóðs 12. mars 1941.

⁴⁵ Þegar kostnaður vegna loftvarna hafði verið umreiknaður yfir í núvirði samkvæmt vísitölu neysluverðs í árslok 2008 skiptist hann þannig á milli ára: 1940 5.554.194,13 krónur, 1941 41.681.326,31 krónur,

var talinn ógreiddur kostnaður í ágúst 1940, þrátt fyrir að breska setuliðið hefði tekið við stórum útgjaldaliðum.

Árið 1941 var kostnaður vegna loftvarna 409.588,93 krónur. Keypt voru áhöld fyrir 256.660,05 krónur. Stór hluti þessara áhalda voru fyrir slökkviliðið en keyptir voru meðal annars 7.000 metrar af slökkvislögum og tilheyrandi tengistykki, auk annars búnaðar. Samtals nam áhaldakostnaður slökkviliðsins 172.877,88 krónum af þeim 256.660,05 krónum sem kostnaður vegna áhalda árið 1941 hljóðaði upp á.

Rekstrarkostnaður loftvarnanefndar nam 158.828,88 krónum. Sá kostnaður skiptist nokkuð jafnt á milli vinnulauna, kostnaðar vegna loftvarnabyrgja og annarra smærri liða.⁴⁶

Árið 1942 var kostnaðurinn nokkuð hærri en árið áður eða alls 727.106,52 krónur. Þó verður að taka það inn í myndina að vegna mikillar verðbólgu hækkaði vísitala neysluverðs um tæp 29% milli 1941 og 1942 svo að beinn kostnaður í krónutölu gefur til kynna mun meiri aukningu en raun bar vitni.

Rekstrarkostnaður hljóðaði uppá 482.171,53 krónur þar sem kostnaður við loftvarnabyrgi og skýli nam 276.031,01 krónu. Þar af var launakostnaður 82.416,48 krónur auk þess sem liðurinn jarðborun og brunnar hljóðaði upp á 52.862,68 krónur. Áhaldakostnaður var 244.934,99 krónur sem skiptust þannig að slökkviliðið fékk áhöld að upphæð 87.474,09 krónur, áhöld fyrir loftvarnasveitir voru að upphæð 49.544,60 krónur og birgðir fyrir brottflutningsnefnd að upphæð 107.916,3 krónur⁴⁷.

Á næsta ári, 1943, var kostnaður vegna loftvarnastarfs mjög áþekkur því sem hann var 1941 í krónum talið, eða 418.134,30 krónur en þó aðeins tveir þriðju hlutar raunvirðisins. Beinn rekstrarkostnaður nam 273.357,90 krónum en þar af vó kaup starfsmanna þyngst, alls 108.626,57 krónur. Laun varðmanna í Landakotsturninum hljóðuðu upp á 74.466,24 krónur, en kostnaður við loftvarnabyrgin var einnig umtalsverður eða 83.370,09 krónur. Keypt voru áhöld fyrir 131.053,92 krónur en þar af

1942 57.474.230,36 krónur, 1943 26.523.748,72 krónur, 1944 6.163.992,40 krónur og hagnaður ársins 1945 var 1.086.418,88 krónur.

⁴⁶ Þí, Stjórnarráð Íslands I. Db. 16 Nr. 132: Bréf borgarstjóra til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 8. apríl 1942.

⁴⁷ BSR, 3128: Yfirlit yfir kostnað vegna loftvarna í Reykjavík árið 1942 (ódagsett).

voru 2000 slökkviáhöld sem kostuðu samtals 119.054,16 krónur, en ætlunin var að endurselja þau að mestu leyti.⁴⁸

Árið 1944 var starfsemi loftvarnanefndar mun minni heldur en árin á undan og ekki þörf á að bæta við fleiri áhöldum. Kostnaðurinn var því mun lægri en árin á undan eða 101.572,10 krónur. Stærsti liðurinn var kostnaður við rafflautur og síma að upphæð 54.778,31 króna en á haustdögum 1943 var lögð niður varðþjónustan í turni landakotskirkju.⁴⁹ Það lækkaði launakostnaðinn umtalsvert, eða niður í 16.791,88 kr.⁵⁰

Árið 1945 var loftvarnanefnd rekin með hagnaði en rekstrarkostnaður nefndarinnar var 81.566,55 krónur, þar af kostnaður við niðurrif á loftvarnabyrgjum alls 44.161,20 krónur. Nefndin seldi hins vegar ýmsan búnað fyrir 100.097,27 krónur en það gaf henni hagnað upp á 18.530,72 krónur á árinu 1945.⁵¹ Þegar lokið var við að rífa öll loftvarnabyrgin var hægt að selja timbrið úr þeim fyrir 12.648 krónur en sú upphæð var bókfærð sem hluti af tekjum nefndarinnar 1945.⁵²

Af þessu leiðir að kostnaður vegna loftvarnaráðstafana í Reykjavík á styrjaldarárunum 1940-1945 nam alls 1.668.968,57 krónum, 668 þúsund, 968 krónum og 57 aurum en það var umtalsvert hærri upphæð en gert var ráð fyrir í upphafi þegar starf nefndarinnar hófst. Þó ber að varast að taka kostnaðaraukninguna milli ára of hátíðlega vegna mikillar verðbólgu á Íslandi á stríðsárunum en vísitala neysluverð hækkaði um rúm 116% frá árinu 1940 og til ársins 1945. Þegar kostnaður vegna loftvarna í Reykjavík á stríðsárunum er reiknaður yfir í núvirði nemur hann 136,3 milljónum króna miðað við verðlag í árslok 2008.⁵³

Eftir að stjórn loftvarna bæjarins komst undir stjórn Péturs Ingimundarsonar slökkviliðsstjóra voru margir stærstu útgjaldaliðir nefndarinnar kaup á búnaði í þágu slökkviliðsins og má deila um það hvort þau hafi öll átt rétt á sér. Möguleiki er að bæjarstjórnin hafi verið að notfæra sér ástandið til að sjá slökkviliðinu fyrir auknum og búnaði sem þörf var fyrir í ört stækkandi bæ hvað sem loftárásahættu leið.

⁴⁸ BSR, 3128: Yfirlit yfir kostnað við loftvarnir árið 1943 sent frá bæjarstjórn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 17. mars 1944.

⁴⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 15. september 1943.

⁵⁰ BSR, 3128: Loftvarnakostnaður 1944, bréf frá bæjarsjóði til dómsmálaráðuneytisins 21. mars 1945.

⁵¹ BSR, 3128: Loftvarnir 1945 gjald XIV3.

⁵² BSR, 3128: Bréf frá aðalbókara bæjarins 4. apríl 1946.

⁵³ Reiknað út með upplýsingum úr töflum um vísitölu neysluverðs frá 1939-2008 á vef hagstofunnar. <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds> - heimsótt 1. september 2009

4. kafli

Loftvarnaráðstafanir fyrir almenning.

Strax á fyrstu dögum og vikum hernámsins vann loftvarnanefnd að því að upplýsa íbúa Reykjavíkur um þann möguleika að til árasa gæti komið á bæinn. Reynt var að kenna fólki rétt viðbrögð og gefa því leiðbeiningar. Birt var fréttatilkynning frá nefndinni í *Alþýðublaðinu* þar sem lýst var fyrir mönnum hvernig þeir ættu að bregðast við áras hvort sem þeir væru staddir á götum úti eða í heimahúsum. Mönnum var m.a. ráðlagt að hlaða sandpokum fyrir kjallaraglugga sína og undirbúa allt þannig að hægt væri að leita í kjallara í skyndi. Einnig var fólki ráðlagt að hafa hurðir og glugga opna, slökkva ljós, drepa elda og halda sig við vegg en ekki nærri gluggum eða dyrum. Fólk var hvatt til að fara ekki út úr húsum sínum og tekið fram að öruggast væri að hafast við á neðstu hæð eða í kjallara.

Allt þjónaði þetta þeim tilgangi að verjast brotum úr sprengjum og loftþrýstingi frá þeim þar sem talið var að mest hættu væri á því að menn færust í loftárásum með þeim hætti að þeir yrðu fyrir sprengjuflísum eða braki, en ekki af völdum sjálfrar sprengjunnar. Loftþrýstingurinn gat samsvarað 100 vindstigum.⁵⁴

Í viðtali í *Morgunblaðinu* áréttaði Agnar Kofoed-Hansen ennfremur að fólk, sem statt væri í húsum sínum þegar loftárásarmerki væri gefið, skyldi hafast þar við í kjallaranum eða á neðstu hæð en ekki leita í opinber loftvarnabyrgi. Þetta væri nauðsynlegt til þess að taka ekki rými frá þeim sem væru á götum úti, en þó ekki síður vegna þeirrar hættu sem það skapaði fyrir fólk að fara á milli húsa meðan á loftárás stæði og sprengiflísu og glerbrotum rigndi yfir göturnar ásamt öðru braki. „En sé fólk niðri í kjöllurunum, getur það ekki sakað, hvað sem á dynur, þó húsin laskist jafnvel talsvert af loftsveip sprengnanna eða af sprengjubrotum. Aðalatriðið er, þegar slíkt ber að, að fólk sé rólegt í kjöllurunum, bíði þar af sér alla hættu.“⁵⁵

Loftvarnanefnd hélt næstu vikur áfram að birta tilmæli sín um loftvarnaráðstafanir í heimahúsum sem og annars staðar í dagblöðunum, þó aðallega í *Alþýðublaðinu* og *Morgunblaðinu*. Um miðjan júnímánuð 1940 gaf nefndin út 32

⁵⁴ „Loftvarnir í Reykjavík!“, *Alþýðublaðið* 14. maí 1940.

⁵⁵ „Fyriráætlanir loftvarnanefndar“, *Morgunblaðið* 14. maí 1940.

blaðsíðna leiðbeiningabækling sem bar heitið *Loftvarnir, leiðbeiningar fyrir almenning*. Þar voru leiðbeiningar um hvernig fólk ætti að haga sér bæði utan húss og innan ef til loftárása kæmi. Einnig innihélt bæklingurinn skrá yfir brunaboða og símanúmer sem hringja mætti í ef hætta væri á ferðum.⁵⁶ Þá var þar skýrt með hvaða hætti varað yrði við hættu og hvernig væri tilkynnt um það að hún væri liðin hjá.

Í bæklingnum voru almennar upplýsingar um loftárásir og sprengjur, loftvarnabyrgi og skurði auk lista yfir læknishjálp, brunaboða, slökkvistöðvar loftvarnabyrgi og hjálparsevitir. Einnig voru tíundaðar helstu fyrirbyggjandi loftvarnaaðgerðir í einstökum húsum auk þess sem ýtarlegar leiðbeiningar voru um það hvernig fólk ætti að bregðast við loftárás ef það væri statt innan húss, á götum úti eða á bersvæði. Þá var sérstakur kafli sem fjallaði um meðferð á rúmliggjandi sjúklingum og gamalmönnum, ef hættu bæri að höndum.⁵⁷

4.1 Loftvarnasveitir einstakra húsa.

Í bæklingi loftvarnanefndar var ennfremur hnykkt á því hversu nauðsynlegt það væri að allir þeir sem byggju eða störfuðu í sama húsi væru samhentir og fylgdu í einu og öllu settum fyrirmælum undir forystu húsráðanda. Þá var greint frá því að þar sem skipulag við loftvarnir væri best erlendis, væri mesta áherslan lögð á þennan þátt. Í leiðbeiningum um skipulag loftvarnaliðs þar sem fimm eða fleiri fullorðnir byggju eða störfuðu, skyldu menn skipta svo með sér verkum að í liðinu væru: Húsvörður, varamaður húsvörður, brunavörður, slysavörður og sendiboði. Í húsum þar sem færri væri um fólk áttu menn að taka að sér þeim mun fleiri störf samkvæmt reglunum.⁵⁸

Hlutverkum einstakra loftvarnaliða var lýst svo: Húsvörður stýrir vörnum hússins og hefur yfirumsjón með öllu sem snertir loftvarnir. Honum ber skilyrðislaust að hlíta yfirstjórn og úrskurði formanns loftvarnanefndar eða umboðsmanns hans. Húsvörðurinn þarf að þekkja til hlítar húsaskipun þó sérstaklega á efstu hæðum sem og í kjallara. Hann þarf að vita hvar hægt er að loka fyrir vatns- og gasæðar hússins sem og rafmagn. Húsvörðurinn á að sjá um að halda loftvarnaæfingar með starfsmönnum og

⁵⁶ „Loftvarnir, leiðbeiningar fyrir almenning“, *Morgunblaðið* 21. júní 1940.

⁵⁷ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: Loftvarnanefnd. (Reykjavík 1940)

⁵⁸ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 12-13.

íbúum hússins og hafa forystu um loftvarnir þegar merki er gefið um árás. Einnig á húsvörðurinn að stýra björgunarstarfi ef slysfarir, íkveikja, hrun eða aðrar skemmdir verða, nema kalla þurfi til sérstakt hjálparlið.⁵⁹

Varamaður húsvarðar gegnir öllum áðurtöldum störfum húsvarðar í forföllum hans.

Brunavörður hefur rétt til þess að skipa sér að hámarki fimm manna aðstoðarsveit eftir mannfjölda og stærð hússins. Brunavörðurinn ber ábyrgð á því að loka fyrir gas- og vatnsæð hússins sem og rafmagnið ef skemmdir verða á því. Einnig á hann að sjá um að fjarlægja íkveikjusprengjur er kunna að hafa fallið á húsið og slökkva allan eld sem kann að hafa brotist út af völdum loftárása. Brunavörður skal gera húsverði tafarlaust viðvart ef eldurinn er það mikill að nauðsynlegt sé að kalla á slökkvilið. Eftir að brunavörður hefur gengið úr skugga um að eldurinn, sem kann að hafa kviknað, hafi verið slökktur, eða þá að enginn eldur hafi komið upp í húsinu, ber honum án tafar að fara til aðstoðar við slökkvistarf í nágrannahúsum ef þörf krefur.⁶⁰

Slysavörður hefur einnig rétt til þess að skipa sér til aðstoðar allt að fimm manns og ber að aðstoða húsvörð með umsjón útbúnaðar og umsjón með loftvarnaskýli hússins. Slysavörðurinn á að stuðla að því að allir íbúar og starfsfólk hússins sýni rósemi og stillingu og fari skipulega til loftvarnaskýlis þegar gefin er aðvörun. Slysavörðurinn á að sjá um, að þá séu baðker, balar og fötur fullar af vatni, auk þess honum ber skylda til þess að veita þeim, sem kunna að slasast við loftárasi nauðsynlega aðhlynningu og fyrstuhjálp.⁶¹

Sendiboði á að annast flutning nauðsynlegra boða sem húsvörðurinn þarf að koma áleiðis, t.d. til slökkviliðs bæjarins, hjúkrunarstöðva eða annarra staða. Sendiboðinn þarf að vita um nöfn allra sem búa, starfa eða dvelja í húsinu að staðaldri auk þess sem honum ber að þekkja húsaskipun og nánasta umhverfi mjög vel, þar sem hann þarf að vita hvar næsti sími og brunaboði er. Sendiboðanum ber að hafa ávallt í vasa sínum blýant og pappír auk einhvers konar klúts eða rýju sem hann á að bleyta í vatni og halda fyrir vitum sínum ef hann þarf að komast í gegnum reykfyllt herbergi

⁵⁹ Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning: bls. 14-16.

⁶⁰ Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning: bls. 16.

⁶¹ Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning: bls. 16-17.

með skilaboð sín. Einnig þyrfti hann að hafa aðgang að reiðhjóli ef hann þyrfti í skyndi að fara langa leið með áriðandi skilaboð.⁶²

4.2 Loftvarnaráðstafanir innanhúss.

Allir húseigendur og forstöðumenn fyrirtækja og skóla voru hvattir til að gera nauðsynlegar ráðstafanir um útbúnað hæfilegra loftvarnaskýla. Um þetta efni sagði enn fremur í bæklingi loftvarnanefndar: Að jafnaði er best að skýlin séu í kjallara hússins, að því gefnu að loft kjallarans sé úr steinsteypu, en loftvarnaskýli getur verið gangur, anddyri eða herbergi, eitt eða fleiri. Ráðlagt er að fjarlægja allt eldfimt úr herberginu og skýla gluggum með sandpokagarði sem er um 30-40 cm frá rúðunum, sé aðeins breiðari en glugginn og ná 15-20 cm upp fyrir hann. Mjög mikilvægt er að skýlið hafi tvo greiðfæra útganga, sinn á hvorum enda, en notast megi við glugga sem varaútgang.⁶³ „Djúpur kjallari, sem aðeins hefir einar útgöngudyr, stundum upp um þröngt stigagat og enga glugga, sem hægt sé að komast út um, er stórhættuleg gildra, sem öllum ber að forðast, sem annat er um líf sitt og limi.“⁶⁴

Í skýlinu skal vera reka, fata full af sandi og slökkvitæki eða fata með vatni. Ef nauðsynlegt er að brjóta timburpil eða hurðir til að komast að varaútgangi er nauðsynlegt að hafa öxi eða sleggju í byrginu auk þess sem að útbúa þyrfti fötusaleri, í einu horni byrgisins sem hengt væri strigatjald fyrir, ef aðgengi að öðru salerni er ekki greiður. Í loftvarnaskýlinu þarf jafnframt að vera drykkjarvatn á brúsa eða flöskum, kerti eða helst vasaljós, sárabindi og nokkrar taurýjur til að væta og halda rökum fyrir vitum sér til varnar gegn reyk.⁶⁵

Á háaloftum ber að flytja burtu allt eldfimt til að verja húsið gegn íkveikjusprengjum auk þess sem ráðlagt er að þekja allt gólfíð með a.m.k. 2 cm þykku lagi af sandi, en það sé óþarfi ef gólfíð er steinsteipt. Á háaloftinu ber að hafa fötu með vatni, fötu fulla af sandi og reku, en þar sem er viðargólf er einnig ráðlagt að vera með sama útbúnað á hæðinni fyrir neðan.

⁶² *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 17.

⁶³ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 23-24.

⁶⁴ „Eru húsin hjer örugg loftvarnaskýli?“, *Morgunblaðið* 27. júlí 1940.

⁶⁵ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 24.

Þegar íkveikisprengja lendir á húsinu skal brugðist við með því að hella um þremur fjórðu af sandinum úr fötunni á sprengjuna, sprengjan er þvínæst tekin upp á rekublaðið og sett ofan í fötuna sem enn geymir um fjórðung af sandinum, þvínæst er fatan tekin upp með rekuskaftinu og borin út þangað sem henni er kastað á bersvæði, í skurð, vatn eða sjó. Varast ber þó að hella vatni á sjálfa sprengjuna því það getur gert illt verra, vatnið er einungis fyrir eld sem gæti kviknað af völdum íkveikisprengja. Íkveikisprengjur þessar virka þannig þegar þær koma niður brenna þær að innan í um eina mínútu en eftir það byrja þær að brenna og kveikja í útfrá sér og því ber að hafa snör handtök þegar barist er við þannig sprengjur.⁶⁶

Þessar leiðbeiningar um meðferð á íkveikjusprengjum hrukku skammt, þegar leið á stríðið. Þá komu Þjóðverjar fyrir tundri inni í þessum sprengjum af þeim kvikindishætti sem einkennir hernað. Þegar menn reyndu að drepa í sprengjunni, sprakk tundrið og tætti þá sundur.⁶⁷

Loftvarnanefnd ráðlagði fólki eindregið að útbúa glugga þannig að brotaregn frá rúðum, sem kynnu að splundrast vegna loftþrýstings, næðu ekki að valda slysum á fólki. Í áðurnefndum bæklingi sagði m.a. um þetta efni: Glerbrot úr brotnum rúðum er stór þáttur í þeim slysum sem verða vegna loftárása. Auðveldasta og ódýrasta ráðið er að strengja þétt vírnet eða hengja teppi, klæði, sæng eða dýnu fyrir gluggann að innanverðu. Einnig mætti notast við tréhlara eða byrgja gluggann með sandpokum alveg upp við rúðuna, en þau úrræði eru ekki talin heppileg fyrir herbergi sem eru í notkun daglega þar sem þau loka algjörlega á sólarljós. Auk þess geta pappírsræmur sem límдар eru innan á gluggarúðuna styrkt hana töluvert. Þá er einnig áréttað að ráðlegt sé fyrir þá sem dvelja í loftvarnaskýlinu að snúa andliti sínu ávallt frá gluggunum og jafnvel að sveipa teppi, jakka eða öðru klæði um höfuð sér til varnar gegn glerbrotum öðru braki.⁶⁸

4.3 Leiðbeiningar fyrir fólk á ýmsum stöðum.

Bæklingur loftvarnanefndar tók fram að aðrar reglur giltu um rúmliggjandi sjúklinga, gamalmenni og aðra sem ættu erfitt um gang heldur en um þá sem væru fótafærir og

⁶⁶ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 11.

⁶⁷ Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum*: bls. 166.

⁶⁸ „Eru húsin hjer örugg loftvarnaskýli?“, *Morgunblaðið* 27. júlí 1940.

staddir innandyrar þegar merki um loftárás væri gefið. Reglurnar voru á þessa leið: Þeir sem eiga erfitt um gang eiga í öllum tilvikum að vera kyrrir í herbergjum sínum, en einungis þeir sem eru fótafærir skulu leita skjóls í loftvarnaskýli hússins. Til að minnka loftþrýstingi á að opna alla glugga í herberginu en draga fyrir tjöld fyrir glugga og opna allar dyr. Forðast skal að láta rúm sjúklinga standa við glugga auk þess sem sjúklingurinn á að liggja þannig að andlið snúi í átt frá gluggum. Varast ber að skilja sjúkling eða gamalmenni eitt eftir í herbergi sínu.⁶⁹

Loks sagði í bæklingnum: Þeir sem staddir eru á götum úti þegar aðvörunarmerki um loftárás er gefið eiga tafarlaust að leita skjóls í næsta opinbera loftvarnabyrgi sem merkt er með rauðum örvum. Ef ekkert opinbert loftvarnabyrgi er nálægt, skal leita skjóls í næsta örugga kjallara eða þeim stað sem ella telst skjólbestur. Sérstakir byrgisverðir sjá um að leiðbeina þeim sem leita skjóls í almennum loftvarnabyrgjum og skal hlýða tilmælum þeirra í einu og öllu.

Þeir sem leita skjóls í loftvarnabyrgi skulu dvelja þar uns merki er gefið um að hættan sé liðin hjá og hverfa þá á brott úr byrginu rólega og skipulega. Þó ber að varast að safnast saman í hópum sem gætu tafið eða hindrað för eða störf lögreglu, sjúkraliðs eða annarra loftvarnasveita. Þeir sem staddir eru á bersvæði þegar hættumerkið er gefið og eiga ekki möguleika á að komast í opinbert loftvarnabyrgi eða annað skýli innanhúss ber að leggjast niður, helst í skurð eða lægð og liggja þar þangað til merki er gefið um að hættan sé liðin hjá. Sérstaklega skal fólk varað við því að líta upp meðan á loftárásinni stendur, heldur liggja á grúfu og reyna að hylja höfuð sitt með kápu, frakka, handtösku eða öðru handhægu. Hjólreiðamenn skulu leggja reiðhjól sín frá sér í afdrep, helst að húsabaki þar sem þau valda ekki umferðartruflun og töfum fyrir lögreglu eða aðrar loftvarnasveitir. Bifreiðastjórar skulu einnig leggja bifreiðum sínum á bersvæði þar sem þær eru ekki fyrir auk þess sem þeim ber að skilja þær eftir ólæstar svo lögreglan geti fært þær ef þörf krefur. Þeir sem fara með hesta, kýr eða sauðfé skulu gæta sín á því að sleppa skepnunum ekki lausum heldur leita skjóls í lokuðu húsasundi eða á öðrum álíka stað.⁷⁰

⁶⁹ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 20.

⁷⁰ *Loftvarnir – leiðbeiningar fyrir almenning*: bls. 21-23.

5. kafli

Fyrirkomulag loftvarnasveita.

Í fyrsta bréfi Agnars Kofoed-Hansen til forsætis- og dómsmálaráðherra um loftvarnaráðstafanir, gerði hann ráð fyrir stofnun loftvarnasveita sem hefðu ýmsum hlutverkum að gegna: 1. Að veita fyrstu hjálp þeim sem kunna að slasast af völdum loftárása og koma þeim á sjúkrahús. 2. Að ryðja úr vegi tálum af völdum loftárása, svo sem múrblokkum, spýtnabraki, glerbrotum og öðru sem heftir eða setur eðlilega umferð í hættu.⁷¹

Á upphafsfundi loftvarnanefndar var einnig rætt sérstaklega um stofnun loftvarnasveita með skátum, lögreglu, slökkviliði og fleiri aðilum, en vinna við þá stofnun var þá þegar hafin.⁷² Þá hafði Skátafélag Reykjavíkur stofnað fimm skátasveitir Roverskáta með sex skátum hver til að sinna hjálp í viðlögum.⁷³ Þá átti einnig að þjálfa yngri skáta í ýmsum borgaralegum loftvarnastörfum.⁷⁴

Í byrjun júní 1940 var að komast fast skipulag á loftvarnasveitir loftvarnanefndar sem æft höfðu viðbrögð á neyðarstundu. Var lið þetta að langstærstum hluta skipað sjálfboðaliðum ásamt lögreglu og slökkviliðsmönnum.⁷⁵

Slökkviliði bæjarins var stýrt af röggsemi af Pétri Ingimundarsyni sem tilkynnti á þriðja fundi loftvarnanefndar 1940 að hann hefði gengið frá öllum loftvarnaráðstöfunum slökkviliðsins. Þau mál væru í góðum höndum og þyrfti loftvarnanefnd ekki að hafa stórar áhyggjur af þeim.⁷⁶ Auk þess að styðjast við aðalslökkvistöðina við Tjarnargötu, hafði verið komið upp fjórum minni

⁷¹ Þí, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Bréf Lögreglustjóra til forsætis- og dómsmálaráðherra 11. maí 1940.

⁷² BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1940.

⁷³ Fyrsti flokkur hélt til við Austurbæjarskólann, annar flokkur við Landakotsspítala, þriðji flokkur var við Landspítalann, stöð fjórða flokks var við sjúkrahúsið Hvítabandið við Skólavörðustíg og fimmti flokkur var staðsettur við slökkvistöðina í Tjarnargötu Almennar hjálparsveitir skáta voru staðsettar við Landspítalann, Austurbæjarskóla, Hvítabandið, Líkn í Kirkjustræti, Landakotsspítala og Elliheimilið Grund við Hringbraut. – Björn Jón Bragason. „Loftvarnasveitir reykvískra skáta í síðari heimsstyrjöld“. *Þjóðmál* 3. (III árgangur haust 2007)

⁷⁴ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1940.

⁷⁵ Þór Whitehead, *Bretarnir koma* bls: 197.

⁷⁶ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 19. maí 1940.

slökkvistöðvum við Fjölnisveg 18, Klapparstíg 16, Túngötu 20 og Vegamótastíg.⁷⁷ Ef merki var gefið um árás, áttu að vera til taks á hverri aukaslökkvistöð fimm slökkviliðsmenn ásamt 15-17 mönnum úr varaslökkviliði, 10 mönnum úr sérstökum ruðningssveitum, einum manni frá Gasstöðinni og þriggja manna vatnsveituliði.⁷⁸

Slökkviliðsstjóri tilkynnti um þetta fyrirkomulag á fundi loftvarnanefndar 28. maí 1940 og sagðist eingöngu vilja hafa sína menn í brunaliði þessu. Hann kærði sig ekkert um hjálp skáta og bætti því við að lokum að hann vildi hreinlega ekkert hafa með loftvarnanefnd að gera!⁷⁹ Þetta viðhorf slökkviliðsstjóra var dæmigert fyrir það „loftvarnastríð“ sem bæjarstjórn Reykjavíkur háði þá við lögreglustjórn og forsætis- og dómsmálaráðherra. Bæjarstjórnin átti eftir að heimta að öll stjórn loftvarna væri í höndum slökkviliðsins á meðan ríkisstjórnin setti lög um að loftvarnir ættu að vera undir lögreglustjóra.⁸⁰

Sérstök ruðningssveit var brátt stofnuð og hafði á að skipa 50 mönnum í fimm sveitum. Þær áttu að vinna undir stjórn slökkviliðsins og hafa bækistöðvar á slökkvistöðvunum fimm í bænum. Sveitir þessar voru að mestu skipaðar vöskum iðnaðarmönnum en hlutverk þeirra átti að vera í því fólgið að ryðja braki og rústum af götum bæjarins. Einnig áttu þær að ryðja til braki í húsum sem hrynja til háls af völdum loftárása.⁸¹ Þessar sveitir áttu helst að vera útbúnar öflugum verkfærum og í skýrslu slökkviliðsstjóra 18. júní 1940 leggur hann til að draga úr kostnaði við útbúnað ruðningssveitanna með því að láta mennina leggja sér sumpart sjálfa til verkfæri. Slökkviliðsstjóri lofaði jafnframt að láta kaupa eina til tvær stóraxir handa hverjum ruðningsflokki auk kaðla og saga. Bæjarverkfræðingur tók að sér að útvega tvo smákrana á slökkvistöðina og ennfremur átta járnkarla og einhverjar talíur. Slökkviliðsstjóri tilkynnti jafnframt að kæmi til ruðnings án eldsvoða, þá myndi hann senda ruðningssveitir og annan mannskap á staðinn eftir aðstæðum.⁸²

Á slökkvistöðvunum myndu einnig koma saman þriggja manna vatnsveitulið sem hefði það hlutverk að gæta vatnsæðanna í bænum og gera við þær æðar sem myndu

⁷⁷ BSR, 3128: Skýrsla frá Lúðvíg Guðmundssyni til Bæjarráðs Reykjavíkur 8. ágúst 1940.

⁷⁸ BSR, 3128: Ódagsett skýrsla um loftvarnasveitir og loftvarnabyrgi, sennilega frá mars 1941.

⁷⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 28. maí 1940.

⁸⁰ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 205.

⁸¹ ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Skýrsla um passívar loftvarnir frá 1940, ódagsett.

⁸² BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 18. júní 1940.

opnast vegna loftárása. Þessar þriggja manna vatnsveitusveitir voru flestar settar saman af einum starfsmanni vatnsveitunnar, verkfræðingi eða viðgerðarmanni, ásamt tveimur skátum til aðstoðar. Einnig átti að vera til taks á aðalslökkvistöðinni í Tjarnargötu, einn vatnsveitumaður sem hefði það verkefni með höndum að gæta allra aðalvatnsæðanna til bæjarins.⁸³ Á hverri slökkvistöð átti einnig að vera til reiðu einn fulltrúi frá gasstöðinni sem sjá ætti um að skrúfa fyrir gasleiðslur, þar sem hætta væri á sprengingu.⁸⁴

Rauði kross Íslands tók að sér undirbúning á fyrstu hjálp fyrir þá sem kynnu að særast af völdum loftáraása. Ákveðið var að koma upp 15 hjálparstöðvum í bænum, á spítölum, aðalslökkvistöðinni, apótekum og á einkastofum lækna.⁸⁵ Á öllum þessum hjálparstöðvum áttu lækna að vera til taks en á aðalvarðstöðvunum jafnframt læknanemar, hjúkrunarkonur og skátar.⁸⁶

Aðalvarðstöðvarnar réðu yfir bílum með merki Rauða krossins sem fara áttu um bæinn eftir þörfum auk þess sem þar komu saman meðlimir skátasveitanna sem höfðu það verkefni að veita særðum fyrstu hjálp og flytja þá á læknavarðstöðvarnar.⁸⁷

Eftir að loftvarnanefnd skipti Reykjavík upp í 60 hverfi í mars 1941, buðu um 140 karlmenn á mismunandi aldri sig fram sem sjálfboðaliðar við ýmis störf loftvarna, þar á meðal sem byrgisverðir og hverfisstjórar. Ávallt var þörf fyrir öflugt sjálfboðalið við undirbúning loftvarnaráðstafana, meðal annars við að moka sandi í poka og ýmislegt annað smálegt í svipuðum dúr.

Á fundi loftvarnanefndar 2. september 1940 fór Jón Axel Pétursson yfir liðsskiptingu nefndarinnar. Frá hans sjónarmiði virtist skipulagið eins og hann hefði helst hugsað sér. Þó skorti einna helst loftvarnalið við höfnina.⁸⁸

Í nóvember 1940 ákvað nefndin síðan að stofna slíkt hafnarlið en Jóni Axel og Péttri Ingimundarsyni var falið að leita aðstoðar Slysavarnafélags Íslands um stofnun

⁸³ ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Skýrsla um passívar loftvarnir frá 1940, ódagsett.

⁸⁴ BSR, 3128: Ódagsett skýrsla um loftvarnasveitir og loftvarnabyrgi, sennilega frá mars 1941.

⁸⁵ Einkastofur lækna sem notaðar voru sem hjálparstöðvar voru á þessum stöðum: Ingólfsstræti 14, Miðstræti 3, Laufásvegi 11, Ránargötu 12, Hafnarstræti 8. - BSR, 3128: Skýrsla Rauða kross Íslands yfir hjálparstöðvar vegna loftárása, ásamt nöfnum, heimilisföngum og símanúmerum lækna, skáta og annars hjúkrunarfólks.

⁸⁶ Ákveðið var á fundi loftvarnanefndar 28. maí 1940 að skátarnir skyldu hafa aðsetur sitt á hjálparstöðvum lækna og hjúkrunarkvenna í bænum, en einmitt á þessum fundi tilkynnti slökkviliðsstjóri að hann vildi ekkert hafa með skátana að gera. BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 28. maí 1940 - ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Skýrsla um passívar loftvarnir frá 1940, ódagsett.

⁸⁷ ÞÍ, Stjórnarráð Íslands I. Db. 15 Nr. 507: Skýrsla um passívar loftvarnir frá 1940, ódagsett.

⁸⁸ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 2. september 1940.

liðsins.⁸⁹ Svo fór, að stofnaðar voru fjórar sveitir við höfnina, tvær á landi og tvær á sjó. Fyrsta sveit á sjó var samansett af níu manna hópi sem hafði yfir að ráða hafnsögubátnum og hafði skammstöfunina H.B.1. Aðra sveit á sjó skipuðu 11 menn og höfðu þeir tollbátinn til afnota. Fyrsta hjálparsveit á landi við höfnina, 20 menn, var staðsett við vesturhöfnina og var skammstöfuð H.H.S.V en hin hjálparsveitin, H.H.S.A., 18 menn, var til taks við austurhöfnina. Þessar fjórar sveitir áttu að hafa eftirlit með höfninni og slökkva elda sem kynnu að kvikna í skipum vegna loftárása en slökkviliðsstjóra var falið að sjá um þjálfun þeirra.⁹⁰

Lögrelustjóri tilgreinir í bréfi til bæjarstjórnar Reykjavíkur í apríl 1941 hve margir menn hafi verið kvaddir til starfa í þágu loftvarna í bænum og skiptir þeim niður í flokka. Í hjálparsveitum Rauða kross Íslands störfuðu þá 335 einstaklingar, 180 byrgisverðir voru í opinberum loftvarnabyrgjum nefndarinnar og 60 hverfisstjórar höfðu verið kvaddir til starfa eftir að bænum var skipt niður í hverfi. Lögregla og aðstoðarlögregla hafði á að skipa 120 manns og slökkvilið, varaslökkvilið og ruðningssveitir töldu 250 manns. Alls höfðu því 945 einstaklingar verið kvaddir til starfa vegna loftvarnaráðstafana í Reykjavík í apríl 1941, en það samsvaraði 3,7% allra Reykvíkinga á aldrinum 15-65 ára.⁹¹

5.1 Hjálparsveitir skáta.

Eins og áður er nefnt, var strax hafist handa við endurskipulagningu Hjálparsveitar skáta daginn eftir hernámið. Tók svonefnt róversráð Skátafélags Reykjavíkur að sér starfrækslu og stjórn sveitarinnar.

Í almennum hjálparsveitum skáta voru 30 meðlimir í aðalliði og 39 í varaliði og höfðu þessar sveitir með höndum öll almenn loftvarnaverkefni, t.a.m. símvörslu og sendiferðir ásamt fleiri almennum störfum. Jafnframt voru tveir skátar á hverri

⁸⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 1. nóvember 1940.

⁹⁰ BSR, 3128: Ódagsett skýrsla um loftvarnasveitir og loftvarnabyrgi, sennilega frá mars 1941.

⁹¹ *Árbók Reykjavíkurbæjar* 1945: Reykjavíkurbær. (Reykjavík 1945) bls. 5 - BSR, 3128: Bréf frá lögrelustjóra til bæjarstjórnar 18. apríl 1941 um fjölda manna í loftvarnasveitum.

slökkvistöð í vatnsveitulíði ásamt manni frá vatnsveitunni til að gæta að aðalvatnsæðum bæjarins, svo sem áður segir.⁹²

Hjálparsveit heimilanna var enn ein deild skáta sem var stofnuð síðla sumars 1940 og hafði það hlutverk að „veita húsmæðrum, er þess kynni að þarfnast, aðstoð við almenn störf á heimilum, að afstaðinni loftárás.“⁹³ Sveitir þessar voru fjórar talsins og voru um 20 menn í hverri sveit. Alls 79 skátastúlkur og konur voru því reiðubúnar að aðstoða við almenn störf á heimilum bæjarins vegna loftárása.

Hjálparsveit skáta fékk 50 króna styrk frá loftvarnanefnd til að kaupa búnað í júní 1940, en sjúkragögn og sjúkrabörur ásamt öðrum nauðsynlegum áhöldum lögðu Rauði krossinn og lögreglustjórinn skátunum til. Í staðinn sáu skátasveitirnar um að viðhalda ýmsum búnaði sem notaður var við loftvarnir, svo sem að mála stálhjálma loftvarnasveita. Dvöldust skátar langdvölum á lögreglustöðinni í Pósthússtræti við þá iðju.⁹⁴

Á fundi loftvarnanefndar í maí 1941 kom upp sú umræða hvort leyfa ætti meðlimum hjálparsveitanna að fara burt úr bænum og varð niðurstaðan sú að setja þyrfti reglur um það hve margir þeirra mættu fara úr bænum hverju sinni.⁹⁵ Þá var skátum gert að tilgreina allar ferðir sínar út úr bænum til Skátafélagsins og sá það um að aldrei væru of margir menn utanbæjar á sama tíma.⁹⁶

Auk ýmissa verkefna á vettvangi hugsanlegra loftárása var jafnframt endurvakin blóðgjafasveit skáta í upphafi stríðsins. Ekki var hægt að geyma blóð á þessum tíma og því þyrfti að gefa blóð jafn óðum og þörf krafði. „Blóðgjafar skyldu hylja andlit sitt því blóðþegi átti ekki að vita hver blóðgjafinn væri. Blóðgjafinn lagðist við hlið sjúklingsins og gat reynst feikna erfitt að hlýða á sjúklinginn þakka fyrir blóðgjöfina.“⁹⁷ Jafnan voru þeir skátar sem mynduðu hina fyrstu sex manna Hjálparsveit, jafnframt í blóðgjafarsveitum og því vandséð hvernig menn hefðu getað gefið blóð og flutt særða á hjálparstöðvar á sama tíma. Til þess kom þó aldrei sem betur fór.

⁹² BSR, 3128: Ódagsett skýrsla um loftvarnasveitir og loftvarnabyrgi, sennilega frá mars 1941.

⁹³ BSR, 3128: Skýrsla frá Lúðvíg Guðmundssyni til Bæjarráðs Reykjavíkur 8. ágúst 1940.

⁹⁴ Björn Jón Bragason, „Loftvarnasveitir reykvískra skáta í síðari heimsstyrjöld“.

⁹⁵ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1941.

⁹⁶ Björn Jón Bragason, „Loftvarnasveitir reykvískra skáta í síðari heimsstyrjöld“.

⁹⁷ Björn Jón Bragason, „Loftvarnasveitir reykvískra skáta í síðari heimsstyrjöld“.

5.2 Tryggingar loftvarnasveita.

Eitt af þeim málum sem brann einna helst á forsvarsmönnum loftvarna og virðist oftast hafa valdið ágreiningi á milli loftvarnasveita, loftvarnanefndar og stjórnvalda, voru tryggingarmál svo sem áður hefur verið nefnt. Lúðvíg Guðmundsson bar fyrst upp fyrirspurn á fundi loftvarnanefndar 8. júní 1940 um það hvort sjálfboðaliðar yrðu tryggðir gegn slysum og öðrum afleiðingum loftárása⁹⁸. Engin ákvörðun var tekin um það á þessum fundi og 23. júlí tilkynnti slökkviliðsstjóri að hann gæti ekki séð sér fært að skipuleggja ruðningssveitirnar nema áður hefði verið gengið frá slysa- og dánarbótum fyrir þær.⁹⁹

Á vordögum tæpu ári síðar, 1941, hafði ekkert gerst í þessum málum, en þá samþykkti loftvarnanefnd að skrifa til ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar og óska eftir því að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir til þess að loftvarnasveitunum yrði heitið slysa- og dánarbótum.¹⁰⁰ Fulltrúar hjálparsvaitanna kröfðust þess að fá að ræða við nefndina í maí 1941 og heimtuðu þeir að gengið yrði frá tryggingarmálunum hið allra fyrsta.¹⁰¹ Í júní 1941 tilkynnti slökkviliðsstjóri síðan eftir fundi með slökkvi- og ruðningssveitum sínum að mjög eindregnar kröfur hefðu komið fram um að gengið yrði frá tryggingunum.¹⁰² Í byrjun júlí 1941 hafði enn ekkert svar fengist frá ríkisstjórninni eða bæjarráði Reykjavíkur varðandi tryggingarnar og því var Sveini Einarssyni, nýjum framkvæmdastjóra loftvarnanefndar, falið að ítreka málaleitun þessa skriflega.¹⁰³

Í apríl 1941 hafði borgarstjóri hins vegar spurst fyrir um það hjá Tryggingarstofnun ríkisins hvort slys við skyldustörf við loftvarnaaðgerðir væru bótaskyld samkvæmt ákvæðum hinnar frjálsu tryggingar. Einnig athugaði hann hvort greinarmunur væri gerður á beinum og óbeinum hernaðaraðgerðum og að lokum hvort Tryggingarstofnun ríkisins sæi sér fært að tryggja starfsmenn loftvarnasveitanna. Tryggingarstofnun leitaði álit lögfræðings og tryggingarfræðings og afgreiddi málið á fundi sínum 3. júlí 1941. Niðurstaðan var sú að tryggingarráð leit svo á að hinni frjálsu

⁹⁸ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 8. júní 1940.

⁹⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 23. júlí 1940.

¹⁰⁰ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 15. apríl 1941.

¹⁰¹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 2. maí 1941.

¹⁰² BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 13. júní 1941.

¹⁰³ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 1. júlí 1941.

slysaftryggingu bæri ekki að bæta slys sem kæmi til af völdum hernaðaraðgerða, hvorki beinna né óbeinna. Að lokum taldi tryggingarráð að hin frjálsa slysaftrygging gæti ekki tekið að sér hina umbeðnu tryggingu, sérstaklega þar sem sambandið við endurtryggjanda slysaftryggingarinnar, Storebrand í Osló, væri rofið.¹⁰⁴

Málið var áfram í vinnslu hjá bæjarstjórn þar sem borgarstjóri bar fram svofellda tillögu á fundi í ágúst 1941. „Bæjarstjórn felur borgarstjóra að taka upp samninga við ríkisstjórn um, að þessir aðilar í sameiningu lýsi yfir því, að ef menn, sem eru að skyldustörfum í þágu loftvarna bæjarins, slasast við þau, skuli ríkissjóður og bæjarsjóður í sameiningu hlutast til um, að þeim verði greiddar bætur eftir svipuðum reglum og sjómenn fá fyrir slys af völdum ófriðar.“¹⁰⁵ Var þessi tillaga samþykkt samhljóða og fóru þá hjólin að snúast varðandi kröfu meðlima hjálparsevitanna um löngu tímabæra slysa- og dánartryggingu.

Á fundi loftvarnanefndar 9. september 1941 var lagt fram bréf frá borgarstjóra sem afgreiddi að lokum langþráð baráttumál loftvarnasveitanna með eftirfarandi yfirlýsingu:¹⁰⁶

Félagsmálaráðherra Stefán Jóh. Stefánsson f.h. ríkissjóðs og borgarstjóri Bjarni Benediktsson f.h. bæjarsjóðs Reykjavíkur lýsa því hér með yfir, að ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur munu bæta að hálfu hvor allt tjón á lífi og limum, sem menn og konur, sem starfa í þágu loftvarna Reykjavíkurkaupstaðar kunna að verða fyrir við loftvarnastörf meðan á loftárás stendur eða slökkvi- og ruðningsstörf eftir slíka árás og munu bætur verða greiddar hlutaðeigendum eða aðstandendum þeirra eftir sömu reglum og sjómönnum er sigla um yfirlýst hættusvæði á hafinu.¹⁰⁷

Með þessari samþykkt lauk að mestu baráttunni um tryggingarmál loftvarnasveitanna sem hefðu getað starfað óhræddar um tryggingarrétt sinn að björgun mannlífa og verðmæta ef til loftárása hefði komið það sem eftir var stríðsins.

¹⁰⁴ BSR, 3128: Bréf Tryggingarstofnunar ríkisins til borgarstjóra 4. júlí 1941.

¹⁰⁵ BSR, 6619: Fundargerðir bæjarstjórnar 1940-1941 7. ágúst 1941.

¹⁰⁶ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 9. september 1941.

¹⁰⁷ BSR, 3128: Bréf borgarstjóra til loftvarnanefndar 3. september 1941.

6. kafli

Loftvarnaæfingar.

„Loftvarnaæfing verður hér kl. 2 á morgun. Öllum ber þá að haga sér eins og raunverulega hættu væri að ræða.“¹⁰⁸ Þannig hljóðaði fréttatilkynning um fyrstu almennu loftvarnaæfinguna sem haldin var á Íslandi vegna ófriðarins í Evrópu. Fólk skyldi dvelja í íbúðum sínum, í kjallara eða á neðstu hæð, í opinberum loftvarnabyrgjum eða liggja niðri á víðavangi þar til merki yrði gefið um að hættan væri liðin hjá. Undanþegnir þessari æfingu töldust sjúklingar og gamalmenni innanhúss.¹⁰⁹ Merki skyldi gefið með löngum síbreytilegum tón í rafmagnsflautum bæjarins auk þess sem allir símar bæjarins ættu að hringja, en stranglega væri bannað að taka upp tólið, þegar þeir hringdu. Fólk var eindregið beðið um að gera allar varúðarráðstafanir tafarlaust þegar hættumerkið hljóðaði, eins og um raunverulega hættu væri að ræða, því það hefði mikla þýðingu ef óvænta atburði bæri að höndum. „Þeir, sem vísvitandi brjóta þessar reglur verða látnir sæta ábyrgð,“ sagði í tilkynningu um æfinguna.¹¹⁰

Laugardagurinn rann upp og æfingin hófst á tilsettum tíma. Nokkur hundruð menn sem voru staddir í miðbænum héldu í skýli í Landsbankanum og Útvegsbankanum, en sumir leituðu skjóls í kjallara lögreglustöðvarinnar, Nýja Bíói og í öðrum steinhúsum.

Bifreiðar voru stöðvaðar og hjólréiðamenn köstuðu sér af baki og héldu í átt að næsta loftvarnaskýli eins og leiðbeiningar loftvarnanefndarinnar höfðu gert ráð fyrir. Eftir örfáar mínútur voru engir á ferli á götum bæjarins nema lögregluþjónar, skátar, slökkviliðsmenn og aðrir meðlimir loftvarnasveitanna, ef frá eru taldir nokkrir bæjarbúar sem neituðu að taka þátt í taugastríði loftvarnanefndar og aðrir sem fyrir forvitnis sakir vildu ekki fyrir nokkurn mun missa af þessum sögulega og framandi viðburði.¹¹¹ Þessi fyrsta loftvarnaæfing var mikli prófraun á kerfið sem loftvarnanefnd hafði unnið að því að koma upp í fullar fjórar vikur. Þótti æfingin takast í flesta staði vel

¹⁰⁸ „Loftvarnaæfing verður hér kl. 2 á morgun“, *Alþýðublaðið* 7. júní 1940.

¹⁰⁹ „Loftvarnaæfing, Tilkynning frá loftvarnanefnd“, *Morgunblaðið* 8. júní 1940.

¹¹⁰ „Loftvarnaæfing verður hér kl. 2 á morgun“, *Alþýðublaðið* 7. júní 1940 - „Loftvarnir, leiðbeiningar um loftvarnir til almennings“, *Alþýðublaðið* 7. júní 1940.

¹¹¹ Þór Whitehead, *Bretarnir koma* bls: 196-197.

og hafði Crossland höfuðsmaður, sérfræðingur breska setuliðsins í loftvörnum, það að orði, að hann væri undrandi á því hve allt hefði farið vel og skipulega fram.¹¹²

Tilgangur æfingarinnar var að mestu leyti fjórþættur samkvæmt greinargerð loftvarnanefndar. Í fyrsta lagi átti að athuga hvernig heyrðist í rafflautunum um allan bæinn, í öðru lagi átti koma í ljós hvort loftvarnabyrgi væru nægilega mörg og stór í bænum, í þriðja lagi var tilgangur æfingarinnar að samhæfa hinar mörgu hjálparsveitir loftvarna. Í fjórða lagi átti að kanna hvernig bæjarbúar myndu almennt bregðast við aðvörunarmerkjunum.¹¹³

Vankantarnir, sem komu í ljós á fyrstu æfingunni, voru fyrst og fremst skortur á rafflautum til að ná eyrum allra bæjarbúa auk þess sem ljóst varð að fjölga þurfti loftvarnabyrgjum. Þau 50 byrgi sem opin voru önnuðu ekki nægilega eftirspurn. Einnig áttu bæjarbúar það til að hlaupa út úr húsum sínum eftir að loftvarnamerkið hafði verið gefið til þess að koma sér í opinber loftvarnabyrgi en það gat verið stórhættulegt.

Þótt leiðbeiningabæklingurinn um loftvarnamál hefði verið tilbúinn fyrir æfinguna, var útgáfu hans frestað til að hægt væri að endurskoða hann í ljósi reynslunnar.¹¹⁴ Þrátt fyrir að æfingin laugardaginn 8. júní 1940 hafi verið fyrsta almenna loftvarnaæfingin í Reykjavík, þá hafði stuttu áður verið haldin æfing fyrir allar hjálparsveitir loftvarnanefndar sem og slökkvilið, lögreglu og ruðningssveitir. Var þessi æfing haldin án þess að boðað væri til hennar með sírenum eða símhringingum. Sú æfing sem í raun var fyrsta prófraun loftvarnanefndar þótti takast ágætlega en þó var nokkur misbrestur á að meðlimir hjálparsveitanna mættu í stöðvar sínar, aðallega vegna mistaka í símboðunum. Þetta var lagað fyrir æfinguna á laugardeginum.¹¹⁵

Loftvarnanefndin hélt næstu almennu æfingu sína laugardaginn 30. nóvember 1940 að nokkru leyti í samvinnu við breska setuliðið. Æfingin hófst með nokkrum skotum úr loftvarnabyssum setuliðsins á slaginu klukkan 11 fyrir hádegi, en síðan varð þó nokkur bið eftir því að fyrstu loftvarnaflauturnar létu í sér heyra. Enn lengri bið var eftir símhringingunum sem einnig áttu að boða hættuástand en æfingin stóð yfir í um það bil hálfa klukkustund.

¹¹² „Loftvarnaæfingin í gær“, *Morgunblaðið* 9. júní 1940.

¹¹³ „Loftvarnaræfingin á laugardaginn“ *Alþýðublaðið* 10. júní 1940.

¹¹⁴ „Fyrsta loftvarnaæfingin í Reykjavík bar góðan árangur“, *Þjóðviljinn* 9. júní 1940.

¹¹⁵ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 6. júní 1940.

Á meðan æfingunni stóð, sveimuðu breskar flugvélar yfir bænum og herbílar ásamt bílum lögreglu og loftvarnasveita þeyttust á milli staða og fylgdust með öllu.¹¹⁶ Loftvarnabyrgin á mörgum stöðum, einkum í miðbænum, voru yfirfull af fólki. Sumstaðar beið fólkið í hópum í anddyrum húsa og því greinilegt að fjölga þyrfti meira loftvarnabyrgjunum í miðbænum.¹¹⁷

Æfing þessi þótti alls ekki takast jafn vel og æfingin í júní 1940. Margt fólk var á ferli meðan á henni stóð og fylgdist með því sem fram fór þótt það væri harðbannað og loftvarnanefnd tekið fram að þeir, sem vísvitandi brytu reglur, yrðu látnir sæta ábyrgðar.¹¹⁸ Þrátt fyrir að almenningur hafi ekki tekið nægilega virkan þátt í æfingu þessari, þá verður það sama ekki sagt um sjálfboðaliða loftvarnasveitanna. Slökkvilið, lögregla og lækna, ásamt öðrum sjálfboðaliðum hjálparsveitanna mættu mjög vel til sinna staða og 100% mæting var í röðum lækna auk þess sem að hjálparsveitir Rauða krossins mættu sérstaklega vel í sínar varðstöðvar.¹¹⁹

Þriðja almenna loftvarnaæfingin var haldin 4. apríl 1941 og þá var viðvörunarkerfið með örlítið breyttu sniði. Þessi æfing var haldin eftir endurtekin flug Þjóðverja sem könnuðu viðbúnað Breta í Reykjavík sem og í flotastöðinni í Hvalfirði. Til dæmis hringsólaði fjögurra hreyfla þýsk sprengjuflugvél, Focke Wulf Condor, yfir bænum sunnudagsmorguninn 30. mars 1941 án þess þó að gera árás.¹²⁰

Í auglýsingum fyrir loftvarnaæfinguna í apríl 1941 kom aðeins fram að hún yrði haldin fyrir hádegi, en nánari tímasetning var ekki gefin. Var þetta gert til að hafa æfinguna sem allra raunverulegasta og einnig til að fá almenning til að bregðast við eftir leiðbeiningum loftvarnanefndar.

Göturnar tæmdust á skömmum tíma. Þeir sem ekki leituðu sér fljótlega skjóls af sjálfsdáðum voru þvingaðir til þess af lögregluþjónum og eftirlitsmönnum sem voru hvarvetna á ferli. Sjö menn, sem veittu móttþróa, voru fluttir á lögreglustöðina, sex þeirra sektaðir um 20 krónur en einum var sleppt með áminningu.¹²¹ Loftvarnanefndin vonaðist eftir því að þessar aðferðir myndu virka til að fólk myndi fara í einu og öllu

¹¹⁶ „Loftvarnaæfingin í gær“, *Morgunblaðið* 1. desember 1940.

¹¹⁷ „Úr bænum, loftvarnaæfing“, *Tíminn* 3. desember 1940.

¹¹⁸ „Loftvarnaæfing, Tilkynning frá loftvarnanefnd“, *Morgunblaðið* 27. nóvember 1940.

¹¹⁹ „Loftvarnaæfingin í gær“, *Morgunblaðið* 1. desember 1940.

¹²⁰ „Loftvarnaæfing í dag“, *Þjóðviljinn* 4. apríl 1941.

¹²¹ „Úr bænum, Loftvarnaæfing“, *Tíminn* 5. apríl 1941.

eftir leiðbeiningum og því var næstu æfingu skellt á laugardaginn 12. apríl 1941 á meðan reynslan af hinni fyrri væri bæjarbúum ennþá í fersku minni.

Loftvarnanefndin boðaði einnig til æfingar að morgni sunnudagsins 11. maí og átti hún að standa yfir í tvær til þrjár klukkustundir.¹²²

Ákveðið var að næsta æfing, sem halda átti 10. júní 1941, skyldi vera prófsteinn á viðbrögð almennings við loftvarnarhættu þar sem ákveðið var að auglýsa þá æfingu ekki á nokkurn hátt, nema með einni tilkynningu í *Alþýðublaðinu* 7. júní og þá án tímasetningar.¹²³ Því voru það einungis loftvarnanefndin, hjálparsevitir og setuliðið sem vissu hvaðan á sig stóð veðrið þegar loftvarnaflauturnar hófu upp raust sína um klukkan 18.30 þriðjudaginn 10. júní. Fólk var mjög seint að átta sig og hlýddi settum reglum treglega en það var í raun mun alvarlegra mál þar sem stór hluti almennings vissi ekki að um æfingu væri að ræða.

Loftvarnarsveitir, byrgisverðir og varalögregla mættu vel og stóðu sig með þryði, en þeim höfðu verið fengin verkefni sambærileg því að 10-15 hús brynnu, sprengjur hefðu sprungið á 14-15 stöðum og fólk hefði slasast. Hjálparsevitirnar höfðu því í nægu að snúast og leystu verkefni sín með mestu ágætum.¹²⁴ Mörgum bæjarbúum fannst æfingin þó standa full lengi yfir og vera haldin á versta tíma þar sem fólk væri almennt að borða um þetta leyti eða á leiðinni heim frá vinnu. Þó er víst að um slíka hversdagslega hluti hefði ekki verið spurt ef um alvöru loftárás hefði verið að ræða.¹²⁵

Loftvarnanefndin hélt tvær æfingar undir lok árs 1941, aðra 28. nóvember og hina 19. desember. Bærinn var myrkvaður á meðan á æfingunum stóð og lögð var mikil áhersla á það að bifreiðarstjórar legðu bifreiðum sínum ekki þannig að umferð tepptist og slökktu jafnframt ljós þegar þeim væri lagt.¹²⁶

Að kvöldi miðvikudagsins 27. maí 1942 var síðan haldin fyrirvaralaus loftvarnaæfing nema hvað auglýst var í *Morgunblaðinu* sama dag að æfing færi fram einhvern næstu daga.¹²⁷ Æfingin stóð yfir í tvær klukkustundir. Voru bæjarbúar margir hverjir orðnir langþreyttir á dvölinni í loftvarnarbyrgjum í þennan tíma en

¹²² „Loftvarnaæfing“, *Alþýðublaðið* 10. maí 1941.

¹²³ „Loftvarnaæfing“, *Alþýðublaðið* 7. júní 1941.

¹²⁴ „Stórfelld loftvarnaæfing í gærkvöldi“ *Alþýðublaðið* 11. júní 1940.

¹²⁵ „Dagbók, Loftvarnaæfing“, *Morgunblaðið* 11. júní 1941.

¹²⁶ „Loftvarnaæfing“, *Morgunblaðið* 18. desember 1941. - „Loftvarnaæfingin verður á morgun“, *Morgunblaðið* 27. nóvember 1941.

¹²⁷ „Loftvarnaæfing“, *Morgunblaðið* 27. maí 1942.

byrgisverðirnir gengu ríkt eftir því að fólki héldi kyrru fyrir. Púðursprengjur voru sprengdar víðsvegar um bæinn og flugvélar sveimuðu um loftin til að gera aðstæður sem raunverulegastar. Æfingin tókst vel séð frá sjónarmiðum loftvarnanefndarinnar, sem setti loftvarnasveitunum fyrir tugi verkefna, svo sem að lagfæra sprungnar vatnsæðar, sinna slösuðu fólki, gera tímasprengjur óvirkar og ryðja braki af vegum.¹²⁸

Eitthvað var um að fólk kvartaði yfir því hve æfingin tók langan tíma en Sveinn S. Einarsson framkvæmdastjóri útskýrði í greinargerð í *Alþýðublaðinu* að hefði æfingin verið styttri, hefði það komið niður á árangrinum.¹²⁹

Fyrirvaralaus loftvarnaæfing var síðan enn haldin 11. ágúst 1942 til þess að athuga hvernig loftvarnaliðið mætti til stöðva sinna, en sú æfing stóð einungis yfir í 25 mínútur.¹³⁰

Stærsta loftvarnaæfing stríðsáranna á Íslandi var haldin að kvöldi 29. september 1942 og náði yfir svæðið frá Borgarnesi, Hvalfirði, Reykjavík og allt til Vestmannaeyja. Æfingin var auglýst svo í vikunni áður en hún fór fram: „Stórkostleg loftvarnaæfing verður haldin hér um slóðir eftir að dimmt er orðið dag einn síðustu vikuna í september og taka bæði setuliðið og allar loftvarnasveitir Íslendinga þátt í henni.“¹³¹

Æfing þessi og skipulagning hennar var algjörlega í höndum bandaríska setuliðsins. Liðið kveikti elda víðsvegar um Reykjavík og varpaði sprengjum til að gera æfinguna sem raunverulegasta. Það kom íslenska loftvarnaliðinu sífellt á óvart hvert það var kallað til þess að leysa verkefni sín af hendi. Algjör myrkvun var í bænum meðan á æfingunni stóð og rafstraumurinn rofinn. Nokkur dæmi voru um að fólk byrgði ekki glugga sína nægilega vel áður en það kveikti á kertum eða olíulömpum og sumstaðar skein því birta út um glugga á húsum þvert á allar reglur.

Verðirnir í turni Landakotskirkju stóðu vakt sína vel og höfðu gott yfirlit yfir þá staði þar sem eldar kviknuðu. Þeir gátu tilkynnt um alla elda í bænum svo ekki skeikaði einni götu. Í heild stóðu allar íslensku loftvarnasveitirnar sig mjög vel en þessi æfing leiddi það í ljós að það var mikill skortur á loftvarnabyrgjum í bænum. Það kom einnig í

¹²⁸ „Tveggja stunda loftvarnaæfing í gærkveldi“, *Morgunblaðið* 28. maí 1942.

¹²⁹ „Hvers vegna stóð loftvarnaæfingin í tvo klukkutíma?“, *Alþýðublaðið* 29. maí 1942.

¹³⁰ „Loftvarnaæfing í gærkvöldi“, *Morgunblaðið* 12. ágúst 1942.

¹³¹ „Stórkostleg loftvarnaæfing eitthvert næsta kvöld“, *Alþýðublaðið* 25. september 1942.

ljós að það vantaði betri slökkvibúnað og koma þurfti á beinu símsambandi milli hjálparstöðva.¹³²

Myrkvunin olli þó því að einn bílaárekstur átti sér stað meðan á æfingunni stóð og einhver smávægileg meiðsli urðu auk þess sem rúður brotnuðu af völdum sprenginga við Víðimel og Hringbraut.¹³³ Hermenn sáust í garði í nágrenninu og skömmu eftir að þeir fóru heyrðist hvellur, en herstjórnin vildi ekki kannast við að sprenging hefði orðið á þessum stað vegna æfingarinnar.¹³⁴

Í bréfi sem Charles H. Bonesteel hershöfðingi, yfirmaður bandaríska setuliðsins, sendi Bjarna Benediktssyni borgarstjóra í kjölfar æfingarinnar sagði að honum hefði þótt mikið koma til hins staðfasta vilja bæjarbúa til samvinnu meðan á æfingunni stóð. Bonesteel tók einnig fram að framganga loftvarnasveitanna væri lofsverð. Greinilegt er að bandaríska setuliðið taldi að starf loftvarnanefndar hefði borið þann ávöxt sem til var sáð með mörgum og ströngum æfingum.¹³⁵

Aðeins voru haldnar tvær æfingar eftir þetta meðan á stríðinu stóð. Sú fyrri var haldin 25. mars 1943 og hafði þá verið auglýst að æfingin færi fram á tímabilinu 21. til 27. mars en sú síðari fór fram 20. febrúar 1944. Þegar hér var komið sögu var hættan á loftárás á Ísland ekki talin jafn mikil og á tímabilinu 1940 til 1942 þar sem Þjóðverjar voru nú á fallanda fæti í stríðinu.

Þegar allt var talið, fóru því alls fram 13 almennar loftvarnaæfingar á stríðsárunum. Fyrir utan þær voru síðan haldnar fjölmargar æfingar sem voru eingöngu fyrir meðlimi loftvarnasveitanna.

¹³² „Það sem lærðist af loftvarnaæfingunni:“, *Morgunblaðið* 1. október 1942.

¹³³ „Loftvarnaæfing í gærkveldi“, *Þjóðviljinn* 30. september 1942.

¹³⁴ „Liður í loftvarnaæfingu?“, *Morgunblaðið* 1. október 1942.

¹³⁵ BSR, 3128: Bréf frá Charles H. Bonesteel til Bjarna Benediktssonar 30. september 1942.

7. kafli

Áhrif loftvarnastarfs á daglegt líf.

Á stríðsárunum komst mikið rask á daglegt líf íbúa landsins og áttu loftvarnaráðstafanir talsverðan þátt í því, ekki síst í Reykjavík. Til dæmis þótti óráðlegt vegna loftárásahættu að fjöldi manns safnaðist saman utandyra, sérstaklega þar sem ekki voru nægileg loftvarnaskýli fyrir hendi.

Brottflutningur fólks úr Reykjavík kom til tals hjá loftvarnanefnd en sú ráðstöfun hefði haft gríðarleg áhrif á daglegt líf í bænum. Varð það úr að brottflutningur var takmarkaður við bæjarbörn, en reynt var að koma sem flestum þeirra fyrir í sveit annaðhvort á bóndabæjum eða á sérstökum heimilum sumrin 1940 til 1944. Vissulega setti þessi brottflutningur barna svip sinn á daglegt líf í bæjum landsins.

Í júlí 1940 kynnti lögreglustjórinn í Reykjavík áætlun um að myrkva bæinn eftir klukkan tíu á kvöldin, þannig að kvikmyndasýningum yrði lokið fyrir þann tíma og dansleikjahald yrði bannað yfir veturinn. En þessi áætlun mætti harðri andstöðu bæjarstjórnar og bæjarbúa almennt og fór svo að fallið var frá henni. Reykvíkingar þoldu einfaldlega ekki þá íhlutun í daglegt líf, sem í áætluninni fólst.

Loftvarnanefnd ályktaði 29. apríl 1941 að hún teldi æskilegt að almennt yrði ekki stofnað til útisamkoma í Reykjavík nema að nægileg loftvarnabyrgi væru fyrir hendi á staðnum.¹³⁶ Á fundi loftvarnarnefndar 1. apríl 1941 var rædd fyrirspurn frá barnavinafélaginu Sumargjöf um árlega skrudgöngu barna á sumardaginn fyrsta og var niðurstaðan sú að gangan yrði ekki leyfð vegna loftárásarhættu.¹³⁷

Íþróttafélög bæjarins lögðu inn beiðni um að fá að halda mót á íþróttavellinum á Melunum og gat loftvarnanefnd aðeins sæst á að veita leyfi fyrir því ef eftirtöldum skilyrðum yrði uppfyllt: Útbúin yrðu tvö útgönguhlið á austurhlið girðingarinnar umhverfis völlinn, þar sem yrði stöðugur vörður meðan mótið færi fram. Háskólabyggingunni yrði haldið opinni meðan mótið stæði yfir og þar hafður vörður. Grafnir yrðu nægilega langir loftvarnaskurðir innan girðingar vallarins þar sem fólk gæti leitað sér skjóls. Læknir yrði hafður til taks, vel búinn sáraumbúðum og búnaði til

¹³⁶ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 29. apríl 1941.

¹³⁷ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 1. apríl 1941.

fyrstu hjálpar. Ekki yrði fleirum hleypt inn á völlinn en rúmuðust í Háskólanum og í loftvarnaskurðunum. Hátalarar yrðu tiltækir til að vara viðstadda við hættu og leiðbeina þeim að öðru leyti. Haldnar yrðu loftárásaæfingar fyrir íþróttamenn og áhorfendur, og að síðustu þyrftu að vera til staðar átta til tíu lögregluþjórnar á vellinum.¹³⁸

Þegar undirbúningsnefnd sjómannaþingsins spurðist fyrir um það, hvaða skilyrði loftvarnanefnd setti fyrir útisamkomu svaraði nefndin því að samkoman þyrfti að fara fram á íþróttavellinum samkvæmt öllum þeim fyrirmælum sem sett hefðu verið um samkomur þar.¹³⁹

Á fundi loftvarnanefndar 17. febrúar 1942 var rætt um öryggisráðstafanir fyrir gesti í samkomuhúsum bæjarins. Taldi formaður nefndarinnar þrjár leiðir vera mögulegar í þeim efnum: a) Að loka samkomuhúsum með öllu. b) Að vara almenning við því að fara í samkomuhúsin. c) Að byggja nægilega mikið af loftvarnabyrgjum fyrir gesti samkomuhúsanna. Nefndarmenn álitu að síðasta leiðin væri ráðlegust, og töldu að byggja þyrfti ofanjarðarbyrgi úr sandpokum fyrir gestina. Þeir töldu sig þó ekki geta tekið ákvörðun um þetta mál fyrir en athugaður hefði verið kostnaður við byggingu slíkra byrgja.¹⁴⁰

Af þessum dæmum má sjá, að starf loftvarnanefndar hafði ýmis áhrif á daglegt líf fólks. Þó hefði nefndin í mörgum tilvikum viljað hafa enn meiri áhrif á bæjarlífið í þá átt að draga úr mannsöfnuði. Reglulegar loftvarnaæfingar höfðu að sjálfsögðu bein áhrif á bæjarlífið en þó aðeins í litlu mæli miðað við það, sem orðið hefði, ef áætlanir um brottflutning fólks úr bænum eða myrkvun hans, hefðu orðið að veruleika.

7.1 Brottflutningur barna úr Reykjavík.

Strax á fyrsta fundi loftvarnanefndar 12. maí 1940 var rætt um brottflutnings fólks frá Reykjavík ef til stórfelldra árása kæmi¹⁴¹ Á þriðja fundi nefndarinnar var aftur rætt um

¹³⁸ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 6. maí 1941.

¹³⁹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1941.

¹⁴⁰ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 27. febrúar 1942.

¹⁴¹ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 12. maí 1940.

brottflutning fólks og vildi loftvarnanefndin hvetja fólk til þess að yfirgefa bæinn í meira mæli en það hafði gert fram að þessu.¹⁴²

Þriðjudagskvöldið 14. maí 1940 var haldinn neyðarfundur allra skólanefnda og skólastjóra í bænum í kjölfar þess að breska setuliðið var í óða önn að koma sér fyrir í skólum Reykjavíkur. Ákveðið var að svonefndir vorskólar Austurbæjarskólans og Miðbæjarskólans skyldu hætta störfum.

Sama kvöld var haldinn fundur hjá barnaverndarnefnd sem ákvað í samvinnu við Rauða kross Íslands að setja á legg nefnd sem fjallaði um fjöldbrottflutning barna úr bænum. Dr. Símon Jóhann Ágústsson sálfræðingur var valinn forstöðumaður skrifstofu sem annast átti brottflutning barna, en hún skyldi hafa aðsetur í skrifstofu Rauða krossins í Mjólkurfélagshúsinu í Hafnarstræti.¹⁴³ Mörg félög í bænum ákváðu síðan að taka þátt í þessu starfi, og var þá ákveðið að stofna framkvæmdanefnd sem í voru skipaðir Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali og skólastjórnarnir Arngrímur Kristjánsson og Sigurður Thorlacius. Með þeim starfaði níu manna ráð sem í áttu sæti fulltrúar frá barnaverndaráði, Rauða krossi Íslands, Verkakvennafélaginu Framsókn, Húsmæðrafélagi Reykjavíkur, Kvenfélaginu Keðjunni, Mæðrastyrksnefnd, Sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt, Stéttarfélagi barnakennara í Reykjavík og kvenfélaginu Vorboðanum.¹⁴⁴

Í byrjun júní 1940 var talið að 2000 Reykjavíkurbörn væru komin út í sveitir landsins, eða hefðu fengið þar vist og væru brátt á leið úr bænum. Þó voru 1200 börn enn í bænum og var búið að óska eftir vist fyrir þau í sveit.

Sökum þess að fjárhagur flestra heimila var frekar bágur á þessum tíma og atvinnuleysi mikið gátu aðeins foreldrar þriðjungs þessara 1200 barna borgað fullt meðlag með börnum sínum, þriðjungur gat borgað hluta, en þriðjungur taldi sig alls ekkert geta borgað með þeim.¹⁴⁵ Vegna þessara fjárhagsörðuleika ákvað Barnaverndarnefnd og Rauði krossinn að halda Jónsmessuskemmtun í Hljómskálagarðinum laugardaginn 22. og sunnudaginn 23. júní 1940 þar sem yrðu ræðuhöld, söngur, íþróttasýningar, tónleikar og dans. Þannig átti að reyna að safna fé til

¹⁴² BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 19. maí 1940.

¹⁴³ „Yfir 2000 börn í Reykjavík verða að hætta vörnami sínu“, *Alþýðublaðið* 16. maí 1940.

¹⁴⁴ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri*: bls. 97.

¹⁴⁵ „Það er hægt að koma öllum börnum í sveit!“, *Alþýðublaðið* 1. júní 1940.

að koma börnum burt úr bænum.¹⁴⁶ Þrátt fyrir leiðindaveður um þetta leyti gengu veðurguðirnir í lið með Rauða krossinum og Barnaverndarnefnd. Samkomudagurinn „var hinn fegursti og hlýjasti“ það sem af var sumri.¹⁴⁷ Fólk flyktist á skemmtunina og vænn sjóður safnaðist auk þess sem ríkið og sveitarfélögin létu ekki sitt eftir liggja þrátt fyrir takmörkuð fjárráð.

Næstu daga gekk brottflutningsnefndin í það að koma börnum fyrir á bændabýlum og stofna sumardvalarheimili í hinum ýmsu sveitum landsins.¹⁴⁸ Þriðjudagsmorguninn 2. júlí 1940 hófst svo fyrsti skipulagði brottflutningur barna úr Reykjavík þegar um 180 börn lögðu af stað norður í land með Steindórsrútum. Sigurður Thorlacius skólastjóri fór fyrir hópnum¹⁴⁹. Börnin mættu upp úr klukkan sjö að morgni við Mjólkurfélagshúsið þar sem ferðin hófst, en meirihluti barnanna var á leið að Laugum í Þingeyjarsýslu, en hluti hópsins átti þó að dvelja í Húnavatnssýslu eða annarstaðar á Norðurlandi. Auk hópsins sem fór frá Reykjavík hélt flokkur 25 barna af stað frá Hafnarfirði til sumardvalar að Strönd á Rangárvöllum.

Fimmtudaginn 4. júlí 1940 var fyrirhuguð brottför 30 barna hóps frá Hafnarfirði að Kaldárseli við Kaldárbotn auk þess sem þriðji hópurinn sem samanstóð af 50 börnum var brátt á förum að Núpi í Dýrafirði.¹⁵⁰

Næstu daga héldu þessir fólksflutningar áfram og í lok júlí 1940 dvöldust 425 börn úr Reykjavík á níu sumardvalarheimilum, 110 börn frá Akureyri á fjórum heimilum og 75 börn úr Hafnarfirði á tveimur heimilum. Alls voru því um 610 börn úr Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði saman komin á 15 sumardvalarheimilum á vegum barnaverndarnefndar og Rauða krossins, sem hélt uppi samvinnu við ýmis kvenfélög og líknarfélög. Til viðbótar við þessi 610 börn dvöldust hátt í 3000 börn úr Reykjavík á bóndabæjum ýmist fyrir eða án íhlutunar barnaverndarnefndar og Rauða krossins.¹⁵¹ Auk þess rak Barnavinafélagið Sumargjöf þrjú dvalarheimili fyrir 300 börn í Reykjavík. Brottflutt Reykjavíkurbörn voru um tíundi hluti íbúafjölda Reykjavíkur sumarið 1940

¹⁴⁶ „Úr bænum“, *Tíminn* 21. júní 1940.

¹⁴⁷ „Reykjavík! Gefðu börnum þínum sól“, *Morgunblaðið* 23. júní 1940.

¹⁴⁸ Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 201.

¹⁴⁹ „Þegar börnin lögðu af stað norður í gær“, *Morgunblaðið* 3. júlí 1940.

¹⁵⁰ „Yfir 100 börn úr Hafnarfirði í sveit“, *Morgunblaðið* 3. júlí 1940.

¹⁵¹ „610 börn úr Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri eru nú á sumardvalaheimilum“, *Alþýðublaðið* 26. júlí 1940.

og ljóst var að fjarvera þeirra hlaut að draga úr hættu á mannfalli og auðvelda loftvarnastarf ef loftárás yrði gerð á höfuðstaðinn.¹⁵²

Föstudaginn og laugardaginn 4. og 5. apríl 1941 var gefið frí í öllum grunnskólum Reykjavíkur til að kennarar gætu farið á heimili borgarinnar. Þeim hafði verið skipt upp í 120 hverfi til þess að safna skýrslum um öll börn bæjarins. Þær átti síðan sífellt að endurnýjaða fram eftir vori þannig að jafnan væru tiltækar upplýsingar um öll börn bæjarins, hvar þau ættu heima, hvort þau væru farin í sveit eða hvort þau ættu vísan stað í sveit o.fl.¹⁵³

Starf sumardvalarnefndar hélt áfram til loka styrjaldarinnar en börn sem dvöldust í sveit á vegum sumardvalarnefndar náðu aldrei viðlíka fjölda og sumarið 1940 þegar óvissa stríðsins var sem mest á Íslandi. Eftir styrjaldarlok hélt starf sumardvalarnefndar raunar áfram og á áttunda áratugnum var ennþá boðið upp á sumardvöl fyrir börn á vegum Rauða kross Íslands. Þó varð sú breyting á sumarið 1945 að stofnuð var ný sumardvalarnefnd. Vegna þess að ekki var lengur talin brýn nauðsyn að flytja börn úr bænum vegna styrjaldarhættu, var ákveðið að ríki og bær tækju ekki á sig neina fjárhagslega ábyrgð umfram þær fjárveitingar, sem þegar hefðu verið veittar til þessarar starfsemi. Nefndin ætlaði því að krefjast fulls meðlags með börnum þeirra, er vel gætu borgað, en fjárveiting hins opinbera, yrði notuð til styrktar þeim, sem enga getu hefðu til að greiða fullt meðlag.¹⁵⁴

7.2 Almennur brottflutningur úr bænum.

Hinn 11. febrúar 1942 var stofnuð sérstök brottflutningsnefnd sem vinna átti að því á vegum ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir um fjöldaflutning úr Reykjavík með litlum fyrirvara ef til harðra loftárása eða hernaðaraðgerða kæmi í bænum. Í nefndinni sátu fimm menn: Haraldur Árnason kaupmaður og Arngrímur Kristjánsson skólastjóri skipaðir af bæjarstjórn Reykjavíkur, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali skipaður af Rauða krossinum, Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir og Kristjón Kristjónsson

¹⁵² Þór Whitehead, *Bretarnir koma*: bls. 202.

¹⁵³ BSR, 3128: Bréf frá fræðslumálastjóra 2. apríl 1941.

¹⁵⁴ „Sumardvalarnefnd tekur til starfa“, *Morgunblaðið* 25 maí 1945.

skrifstofumaður hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga skipaðir af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.¹⁵⁵

Gerð brottflutningsáætlunar var að ósk hernaðaryfirvalda, sem töldu ljóst að óskipulagður fjöldaflótti úr bænum myndi bæði valda miklu öngþveiti á vegum og í nærsveitum auk þess sem hætt væri við því að mikil röskun yrði á allri starfsemi sem færi að staðaldri fram í bænum.

Ekki var fyrir hendi í Reykjavík nægilegur fjöldi bifreiða til að flytja stóran hluta íbúanna á brott og því voru bæjarbúar eindregið varaðir við því að flýja bæinn og fara út í óvissu.

Í áætlunum brottflutningsnefndar var fyrst og fremst reiknað með brottflutningi barna, því að til hans var hægt að grípa án þess að veruleg truflun yrði á daglegum störfum bæjarbúa. Brottflutning fullorðinna átti ekki að hefja nema ef líklegt væri að stórfelldar hernaðaraðgerðir væru yfirvofandi. Af þeim ástæðum lét ríkisstjórnin brottflutningsnefnd semja tvær áætlanir um hópferðir úr bænum. Annars vegar áætlun um skyndibrottflutning barna 14 ára og yngri og hins vegar áætlun um skyndibrottflutning fullorðins fólks.¹⁵⁶

9. apríl 1942 birti ríkisstjórnin tilkynningu í *Morgunblaðinu* unna upp úr skýrslum og áætlunum brottflutningsnefndar. Í tilkynningunni voru þeir bæjarbúar sem gátu yfirgefið bæinn vinnu sinnar vegna ráðlagt að dvelja utanbæjar um sumarið. Ef til hernaðaraðgerða kæmi, áttu þeir sem eftir voru í bænum frekar að halda kyrru fyrir í stað þess að leita burtu á skipulagslausan hátt. Búið var að gera áætlun um skyndibrottflutning fólks úr bænum sem yrði þó ekki birt nema þörf yrði talin á. Hins vegar var kynnt áætlun um skyndibrottflutning barna sem bæjarbúar voru hvattir til að kynna sér.

Hópbrottflutning barna átti að auglýsa fyrirvaralaust ef til hans kæmi, en gert var ráð fyrir að hann hæfist tveimur klukkustundum eftir birtingu auglýsingar á nokkrum stöðum í bænum. Börn 12-14 ára skyldu mæta með vegabréf sín meðferðis en börn yngri en sjö ára þyrftu að vera í fylgd með fullorðnum eða stálpuðum börnum.

¹⁵⁵ BSR, 3128: Bréf frá RKÍ til borgarstjóra 28. febrúar 1942 - BSR, 3128: Bréf frá bæjarstjórn til RKÍ 20. febrúar 1942

¹⁵⁶ BSR, 3128: Ódagsett skýrsla frá ríkisstjórninni, án viðtakanda og sendanda.

Allir sem tækju þátt í brottflutningunum ættu að vera með nestisþakka og sæng eða teppi bundið í fyrirferðalítinn böggul.¹⁵⁷

Ríkisstjórnin birti einnig í sama blaði tilkynningu þess efnis að bæjarbúum væri eindregið ráðlagt að hafa stöðugt í heimahúsum nokkrar birgðir af tilbúnum mat sem hægt væri að grípa til ef verslunarstarfsemi legðist niður eða lamaðist í einhvern tíma, ef gas- eða rafmagnslaust yrði í bænum eða þá að menn þyrftu að yfirgefa bæinn í skyndi. Auk þess voru bæjarbúar hvattir til þess að hafa tiltækan böggul af fötum til skiptanna, mataráhöld og sæng eða teppi, og auk þess annan böggul með hlífðarfötum og þann þriðja með mat til tveggja daga. Einnig voru allir þeir sem áttu hentugan viðlegubúnað á borð við létt tjöld eða annan útilegubúnað beðnir um að hafa hann einnig við höndina.¹⁵⁸

Brottflutningsnefnd samdi einnig skýrslu þar sem fjallað var um leigunám bifreiða til flutnings á börnum úr bænum. Í tilkynningu sem birtist í *Morgunblaðinu* sama dag og áður nefndar tilkynningar sagði:

Ef áætlun sú um skyndibrottflytning, sem rætt er um annars staðar í blaðinu, kemur til framkvæmda, verða allar bifreiðar, sem útbúnar eru til fólksflutninga, og staddar eru hér í bænum, jafnt stöðvarbifreiðar sem einkabifreiðar, teknar leigunámi til flutningsins samkvæmt lögum nr. 52, 27. júní 1941, séu þær ekki í annarri opinberri og nauðsynlegri þjónustu.¹⁵⁹

Einhvern hluta vörubifreiða skyldi einnig taka leigunámi á sama hátt og fólksflutningabifreiðar auk þess sem bifreiðaeigendum bar skylda til þess samkvæmt lögum að sjá til þess að bílstjóri fylgdi ökutækjum þeirra.¹⁶⁰

Samkvæmt skýrslu brottflutningsnefndar var áætlað að flytja þyrfti allt að 10.000 börn og konur burt út úr bænum. Reiknað var með að setja þyrfti a.m.k. tvöfalt fleiri í hvern bíl en skráning bílsins gerði ráð fyrir og því var miðað við að hver einkabifreið gæti tekið 10 farþega í stað fimm. Í Reykjavík voru 35 stórir bílar sem samtals áttu að geta flutt 1750 farþega, 17 vöru- og fólksbílar sem tóku 680 farþega, 200 stöðvarbílar sem áttu að geta flutt 2000 farþega og 780 einkabifreiðar með flutningsgetu upp á 7800 farþega. Alls áttu bílarnir því að geta tekið um 12.230 farþega.

¹⁵⁷ „Tilkynning frá ríkisstjórninni“, *Morgunblaðið* 9. apríl 1942.

¹⁵⁸ „Tilkynning frá ríkisstjórninni um varúðarráðstafanir vegna ófriðarhættu“, *Morgunblaðið* 9. apríl 1942.

¹⁵⁹ „Tilkynning um leigunám bifreiða“, *Morgunblaðið* 9. apríl 1942.

¹⁶⁰ „Tilkynning um leigunám bifreiða“, *Morgunblaðið* 9. apríl 1942.

Á þessum tíma voru íbúar Reykjavíkur milli 40 og 50 þúsund sem þýðir að hægt hefði verið að flytja 25-30% bæjarbúa á brott samtímis.

Brottflutningsnefnd miðaði við að 20% bílanna kæmu ekki til hjálpar þar sem þeir væru utanbæjar eða í viðgerð og því væru það rétt tæplega 9800 farþegar sem hægt væri að flytja úr bænum samtímis. Þar að auki var ljóst að ákveðinn fjöldi bíla yrði upptekinn við önnur störf við loftvarnir, svo sem slökkvibílar, ruðningsbílar og sjúkrabílar. Því var það ljóst að taka þyrfti eignarnámi alla bíla í ökuhæfu ástandi auk áætlunarbíla sem kunnu að vera í bænum.

Ráðgert var að bílar skyldu leggja af stað frá Miðbæjarskóla og Austurbæjarskóla eigi síðar en tveimur klukkustundum eftir að ákvörðun væri tekin um brottflutning. Síðustu bílarnir áttu að leggja af stað eigi síðar en einni og hálfri klukkustund eftir að brottfararauglýsingu. Bílstjórum var uppálagt að aka í einfaldri röð út úr bænum og allur framúrakstur stranglega bannaður. Auk þess sem lögð skyldi áhersla á það að bílstjórar mættu ekki undir nokkrum kringumstæðum yfirgefa bifreiðir sínar í nothæfu standi þannig að innrásarher gæti notfært sér þær.¹⁶¹

Meðal varúðarráðstafana brottflutningsnefndar, var að koma upp birgðum af mat og lyfjum í Hveragerði til að starfrækja þar flóttamannabúðir sem gætu tekið við flóttafólki úr Reykjavík. Keyptar voru matarbirgðir fyrir um 100.000 krónur auk þess sem Rauða krossi Íslands var úthlutað 20.000 krónum úr ríkissjóði til kaupa á lyfjum sem var komið fyrir á ýmsum stöðum.¹⁶² Sex af 30 kössum af lyfjum, sem voru keyptir, voru geymdir í Hveragerði.¹⁶³ Nefndin skipaði sér til aðstoðar þá Unnstein Ólafsson skólastjóra og Ingimar Sigurðsson garðyrkjumann.¹⁶⁴

Þar sem ekki kom til þess að nota matarbirgðirnar í Hveragerði var fengið leyfi til að selja þær síðla árs 1943 þar sem sýnt þótti að hægt væri að útvega aðrar eins matarbirgðir með skömmum fyrirvara ef á þurfti að halda.¹⁶⁵ 101.660,11 krónur fengust fyrir birgðirnar þrátt fyrir að kexið væri orðið kvikt af maur og óhæft til manneldis, saltfiskurinn einnig orðinn mauraður, smjörlíkið ekki hæft til manneldis, mjölið farið að

¹⁶¹ BSR, 3128: Ódagsett skýrsla brottflutningsnefndar um áætlun um skyndibrottflutning barna.

¹⁶² BSR, 3128: Bréf til Rauða krossi Íslands 31. mars 1942 - BSR, 3128: Bréf frá Bjarna Benediktssyni til ríkisstjórnarinnar 26. mars 1943.

¹⁶³ BSR, 10597: Bréf til Áfengisverslunar ríkisins, lyfjadeild 10. október 1944

¹⁶⁴ BSR, 3128: Bréf til sýslumannsins í Árnessýslu 8. apríl 1942

¹⁶⁵ BSR, 3128: Bréf frá forsætisráðuneytinu til borgarstjórnans í Reykjavík 18. október 1943.

láta á sjá og komnar skemmdir í mjólkina. Leyfi fékkst frá verðlagsstjóra til að hækka verð varanna upp í þáverandi gangverð.¹⁶⁶

7.3 Myrkvun Reykjavíkur.

Fljótlega eftir hernám Íslands og stofnun loftvarnanefndar var farið að ræða um aðgerðir til myrkvunar bæjarins ef til loftárása kæmi. Breska setuliðið lagði fram áætlun um myrkvun Reykjavíkur sem taka ætti gildi 15. ágúst 1940. Þessi áætlun átti eftir að verða kveikjan að mikilli óánægju almennings. Beindust spjótin helst að Agnari Kofoed-Hansen lögreglustjóra en Agnar hélt blaðamannafund 30. júlí þar sem hann tilkynnti um framkvæmd myrkvunartillagna setuliðsins.¹⁶⁷ Í þeim fólst, eins og fyrr segir, að öllum veitingastöðum og kaffihúsum yrði lokað klukkan 10 að kvöldi og engar samkomur á opinberum stöðum leyfðar eftir það. Af því leiddi að allir dansleikir yrðu bannaðir eftir þann tíma auk þess sem rætt hafði verið við bíóstjórana um að haga sýningartímum kvikmyndahúsa þannig að sýningum yrði ætíð lokið klukkan 10. Það sama stæði til að gera vegna sýninga Leikfélags Reykjavíkur. Aðeins ein undanþága átti að vera á takmörkunum á dansleikjahaldinu, en það yrði um áramótin.

Lögreglustjóri tilkynnti einnig að auka ætti löggæslu á götum úti og allir ölvaðir einstaklingar yrðu færðir í fangageymslur. Auk þess ætti sérstaklega að hafa eftirlit með stúlkum yngri en 16 ára. Lögreglustjóri hvatti fólk einnig til að myrkva hjá sér hífýli sín með þykkum gluggatjöldum eða spjöldum úr svörtum pappa sem hægt væri að fjarlægja meðan dagsbirta væri.¹⁶⁸

Áhrif blaðamannafundar lögreglustjóra voru ekki lengi að koma fram. Í *Morgunblaðinu* 1. ágúst var birt bréf frá lesenda sem velti fyrir sér hvort ekki væri nægilegt að fyrirskipa myrkvun bæjarins á haustmánuðum þar sem flugskilyrði væru með eindæmum erfið yfir veturinn. Auk þess varpar hann fram þeirri spurningu hver ætti að borga kostnað af myrkvunarráðstöfunum heimilanna.¹⁶⁹

¹⁶⁶ BSR, 10597: Skilagrein yfir seldar matvörur og áhöld 3. desember 1945.

¹⁶⁷ „Tillögur brezku setuliðsstjórnarinnar um myrkvun Reykjavíkur“, *Tíminn* 9. ágúst 1940.

¹⁶⁸ „Myrkvun í Reykjavík frá 15. ágúst“, *Morgunblaðið* 31. júlí 1940.

¹⁶⁹ „Myrkvunin: Er hún nauðsynleg?“, *Morgunblaðið* 1. ágúst 1940.

Bæjarstjórn lýsti sig alfarið mótfallna hugmyndum lögreglustjóra um myrkvun bæjarins. Aðeins borgarstjóri hefði lagalega heimild til að breyta lokunartíma veitingastaða en hann sagðist ekkert af þessu máli hafa vitað fyrr en hann hefði lesið um það í blöðunum. Kostnaður við myrkvun á borð við þessa myndi hlaupa á hundruðum þúsunda og þá sérstaklega myrkvun spítala og annarra stofnanna.¹⁷⁰

Gagnrýni á lögreglustjórnann hélt áfram næstu daga vegna myrkvunarmálsins. Þar sem Agnar hafði fullyrt að hann væri aðeins að fara að tilmælum herstjórnarinnar, sá Alfred Roy Wise höfuðsmaður, sem þá var upplýsingafulltrúi setuliðsins, sér ekki annað fært en að birta tilkynningu þess efnis að fyrirskipun um myrkvun Reykjavíkur væri ekki komin frá herstjórninni. Jafnframt tilkynnti hann að herstjórnin myndi fara þess á leit við ríkisstjórnina að settir yrðu verðir í rafstöðvar sem gætu rofið strauminn til bæjarins ef hættumerki um loftárás yrði gefið.¹⁷¹

Eftir því sem málin skýrðust, kom í ljós að 25. júlí 1940 hafði herstjórnin sent ríkisstjórninni tillögur um nokkrar varúðarráðstafanir vegna loftárásahættu og þær verið sendar loftvarnanefnd til umfjöllunar. Formaður nefndarinnar, þ.e. lögreglustjóri, segist hafa talið tillöguna að myrkvun bæjarins svo eindregna að ekki væru líkur á öðru en að hún næði fram að ganga. Því væri lítið annað að gera í stöðunni en vara bæjarbúa við því sem í vændum væri sökum þess hve stuttur tími væri til stefnu.¹⁷² Nefndarmenn töldu þó að myrkvun væri ekki fýsilegur kostur hér á norðurslóðum þar sem á veturna nyti sólar ekki við í rösklega 16 stundir á sólarhring. Jafnframt myndi myrkvunin leiða af sér margs konar hættur og erfiðleika fyrir íbúa bæjarins og því yrði ekki hægt að gera ráð fyrir að hún yrði fyrirskipuð nema af knýjandi nauðsyn.¹⁷³

Lögreglustjóri sendi dómsmálaráðuneytinu skýrslu og tillögur lútandi að myrkvun Reykjavíkur 10. Ágúst 1941. Einnig sendi hann bæjarráði Reykjavíkur hinn 12. ágúst afrit af skýrslunni og bréfinu til dómsmálaráðuneytisins. Í þessari sjö blaðsíðna skýrslu tínir lögreglustjóri til flest þau rök sem hann fann bæði með og á móti myrkvun til að kynna málið á sem hlutlægestan hátt. Til þess að leyna Reykjavík að næturlagi í sæmilegu veðri þegar flugskilyrði væru fyrir hendi, þyrfti náttmyrkrið að vera svo svart að fjöll og hæðir yrðu eigi aðgreind frá láglandi og sjó. Radíóvitum þyrfti

¹⁷⁰ „Myrkvun bæjarins mætir einróma andstöðu bæjarstjórnar“, *Alþýðublaðið* 2. ágúst 1940.

¹⁷¹ Gunnar M. Magnúss, *Virkið í norðri*: bls. 102-103.

¹⁷² „Tillögur brezku setuliðsstjórnarinnar um myrkvun Reykjavíkur“, *Tíminn* 9. ágúst 1940.

¹⁷³ „Myrkvunin“, *Morgunblaðið* 4. ágúst 1940.

að loka, vita yrð einnig að myrkvað ásamt Reykjavík og nágrennabæjunum. Í skýrslunni er rætt um að ágúst og september sé hættulegasti tíminn hvað varðaði loftárásir, en þá væri náttmyrkvið aldrei eða sjaldan svo svart að það uppfyllti þessi skilyrði. Stjörnur og norðurljós kæmu snemma auk þess sem loft væri tærara og skyggni betra en í Mið-Evrópu. Það þætti því sýnt að ekki myndi svara kostnaði að myrkva Reykjavík alveg. Einnig mætti ekki gleyma kostnaði við gripdeildir og skemmdarverk í skjóli myrkurs, svo og slys og hrakfarir ýmsar sem kynnu að koma fyrir sökum þess að opnir hitaveituskurðir væru við aðra hverja götu og grjótgarðar hersins á fjölförnustu aðalleiðum út úr bænum. Auk þess væri umferð orðin tvöföld á við það sem hún hefði verið fyrir stríðið og vegakerfið síst til þess fallið að annast þá aukningu í björtu og þaðan af síður í myrkri.

Í skýrslu lögreglustjóra fyrir hönd loftvarnaneftndar var jafnframt fullyrt að hyggilegast væri að lýsa Reykjavík óvarðan bæ samkvæmt alþjóðalögum, en erfitt væri þó að gera það úr þessu. Tillögur herstjórnarinnar um að koma fyrir varðmönnum við rafstöðvarnar, sem gætu rofið strauminn til bæjarins, virtust vera heppilegustu aðgerðirnar að mati lögreglustjóra. Þá taldi lögreglustjóri að hugmyndin um að ráðleggja fólki að koma upp herbergi með byrgðum gluggum þar, sem hægt væri að vera með kveikt ljós þegar rafmagnið væri tekið af, einfaldlega of léttvæga. Frekar ætti að krefjast þess með valdboði að slík herbergi yrðu útbúin og myrkvuð almennilega. Leggja ætti sekt við því að upphæð 50-10.000 krónur að útbúa ekki myrkvuð herbergi í híbýlum. íbúðum.¹⁷⁴

Fleiri tillögur voru bornar upp í áðurnefndri skýrslu lögreglustjóra. Þar á meðal tillaga þess efnis að götulýsing yrði aukin, einkum á fjölförnustu götum og torgum og allar ljósauglýsingar utanhúss yrðu bannaðar. Þá ætti að banna að láta ljós loga í gluggum verslana og vinnustofa eftir að þeim hefði verið lokað að kvöldi og allir farnir þaðan. Auk þess þyrfti að banna að láta ljós loga í svefnherbergjum um nætur nema gengið yrði þannig frá ljósi og gluggum að ekkert ljós bærisk út.

¹⁷⁴ BSR, 3128: Skýrsla lögreglustjóra um tillögur að myrkvun, til dómsmálaráðuneytis 10. ágúst 1940.

Í lok skýrslunnar harmaði lögreglustjóri að hann hefði ef til vill farið út fyrir valdsvið sitt með tilkynningu um algjöra myrkvun bæjarins en ítrekaði að hann hefði talið sig vera að framfylgja eindregnum tillögum bresku herstjórnarinnar.¹⁷⁵

Seint í júlí tilkynntu Bretar mér og dómsmálaráðuneytinu að þeir teldu óhjákvæmilegt að myrkva bæinn með haustinu. Ég taldi slíkt óráð að engu tali tæki með tugþúsundir vopnaðra hermanna í bænum. . . . Löggæsla í bæ sem herasetinn var tugum þúsunda hermanna hafði verið nánast óframkvæmanlegt eftir að skyggja tók, ef myrkvunin hefði náð fram að ganga, bærinn auk þess sundurgrafinn af hitaveituskurðum og slysaþætting af þeim í svartamyrkri augljós.¹⁷⁶

Löngu síðar fullyrti Agnar Kofoed-Hansen að hann hefði tilkynnt um væntanlega myrkvun bæjarins gagnert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hana. Það má auðveldlega lesa viðhorf Agnars til myrkvunarinnar út úr áður nefndri skýrslu þar sem hann finnur fleiri galla en kosti við myrkvunina. Því er hugsanlegt að hann hafi í raun vonast til að tilkynning sín mundi koma í veg fyrir áform Breta, en þó verður ekkert um það fullyrt með vissu. Samt verður að teljast nokkuð líklegt að hann hefði getað séð fyrir hörð viðbrögð bæjarstjórnar og bæjarbúa.

Svo fór að allir aðilar samþykktu tillögu herstjórnarinnar um að láta verði við rafstöðvar sjá um að rjúfa strauminn til bæjarins ef þörf væri á því að myrkva hann með litlum fyrirvara. Þetta fyrirkomulag hélst þar til málið komst aftur á dagskrá bæjarráðs 8. maí 1942 eftir að myrkvunarmálið hafði verið til umræðu í loftvarnanefnd. Féllst nefndin á það fyrirkomulag að eitt herbergi í hverri íbúð yrði myrkvað með því að byrgja glugga með svörtu olíubornu lérefti. Lagði formaður nefndarinnar fram sýnishorn af þessu efni, sem sérfræðingar breska setuliðsins höfðu talið hið heppilegasta sem völ væri á til myrkvunar.¹⁷⁷

Í kjölfarið vann lögreglustjóri skýrslu með tillögum að breyttu fyrirkomulagi á myrkvun bæjarins, en tillögur þessar höfðu verið samþykktar af loftvarnanefnd. Þar kom fram að samkvæmt því fyrirkomulag sem í gildi væri, gætu sjúkrahús ekki notast við rafmagnsljós eftir að rafstraumurinn hefði verið rofinn til bæjarins heldur þyrftu að nota annars konar bráðabirgðaljós. Þá væru allar loftvarnaflautur bæjarins rafknúnar og því ekki nothæfar eftir að straumurinn væri rofinn, en of dýrt þætti að breyta um aflgjafa

¹⁷⁵ BSR, 3128: Skýrsla lögreglustjóra um tillögur að myrkvun, til dómsmálaráðuneytis 10. ágúst 1940.

¹⁷⁶ Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum*: bls. 168.

¹⁷⁷ BSR, 21089: Fundargerðabók loftvarnanefndar 10. apríl 1942.

fyrir flauturnar. Því lagði lögreglustjóri það til að rafstraumur yrði ekki rofinn til bæjarins, þótt tilefni þætti til þess, heldur yrðu öll götuljós tengd við einn aðalrofa sem yrði slökkt á þegar gefið yrði hættumerki. Einnig ætti að fyrirskipa að í hverri íbúð bæjarins yrði a.m.k. eitt herbergi myrkvað að staðaldri en fólki gert skylt að slökka öll ljós í öðrum vistarverum þegar hættumerki yrði gefið. Aðgerðarstofur sjúkrahúsa skyldu vera myrkvaðar ásamt öðrum stofnunum þar sem mikil nauðsyn var talin á að hafa rafmagnsljós á meðan á loftárás stæði. Bifreiðar í þjónustu loftvarna ætti að myrkva á fullnægjandi hátt en aðrar bifreiðar skyldi stöðvaðar og slökkt á ljósunum þegar hættumerki yrði gefið.¹⁷⁸ Bæjarráð tók þessa skýrslu til umræðu á fundi sínum 8. maí 1942 og ályktaði á þann veg að það teldi gildandi fyrirkomulag um myrkvun til minni бага öllum almenningi en önnur úrræði sem rætt hefði verið um og því væri það mál tekið af dagskrá.¹⁷⁹ Engar breytingar voru því gerðar á undirbúningi myrkvunar þrátt fyrir skýrslu lögreglustjóra um æskilegar breytingar á þessu sviði.

¹⁷⁸ BSR, 3128: Skýrsla lögreglustjóra um tillögur að breytingu myrkvunarfyrirkomulags, til bæjarráðs 5. maí 1942.

¹⁷⁹ BSR, 29: Gjörðabók bæjarráðs 8. maí 1942.

8. kafli

Niðurstöður.

Enda þótt aldrei kæmi til loftárása á Reykjavík á stríðsárunum, er ekki þar með sagt að loftvarnaráðstafanir hafi verið óþarfar. Þar sem landið var hersetið og Þjóðverjar höfðu tök á að senda hingað flugvélar til árása, hlutu ábyrg stjórnvöld að gera ráðstafanir til að verja íbúa þéttbýlisins fyrir loftárásum.¹⁸⁰

Þróun loftvarna hélst að miklu leyti í hendur við gang stríðsins og hvernig það birtist í umsvifum Bandamanna á Íslandi. Athafnir loftvarnanefndarinnar fyrstu vikunnar eftir hernámið voru reyndar skýr vísbending um þau gríðarlegu viðbrigði sem urðu í íslensku þjóðlífi eftir að breskur her steig hér á land. Starfsemi loftvarnanefndar náði hápunkti á fyrstu vikum hernámsins, en síðari hápunktinum var náð þegar leið á sumarið 1941 og könnunarflug Þjóðverja til landsins tók að aukast. Aldrei var að vita upp á hverju þýsku könnunarflugvélarnar gátu tekið, þegar þær renndu sér yfir þéttbýlisstaði landsins. Loftvarnaæfingar voru þá tíðari en áður auk þess sem mikil áhersla var lögð á að hafa nægilegan fjölda byrgja til taks ef á þyrfti að halda. Einnig var sjálfboðaliðastarf loftvarnanefndar gríðarlega umfangsmikið og lék stórt hlutverk í loftvarnaráðstöfunum bæjarins. Fjöldi sjálfboðaliða í sveitum loftvarnanefndar var í heild um eitt til tvöþúsund manns, eða í kringum 5% bæjarbúa. Þetta öfluga sjálfboðaliðastarf var forsenda þess að Reykvíkingar voru í stakk búnir til að taka á móti loftárás.

Þrátt fyrir að starf loftvarnanefndarinnar hafi ekki verið í miklum hámmælum eftir að hún var lögð niður, var það bæði mikið og nauðsynlegt. Aðal ástæða þess er sú ekki kom til loftárásar á stríðsárunum. Ef stórtækar hugmyndir nefndarinnar um allsherjar brottflutning íbúa úr bænum hefði komið til framkvæmda, eða tillaga setuliðsins um myrkvun bæjarins yfir vetrarmánuðina hefði orðið að raunveruleika, er þó ljóst að meira hefði verið ritað um þau mál. Þar sem ekki kom til þess hefur starf þessarar nefndar gleymst að stórum hluta í frásögnum um styrjaldarárin í Reykjavík.

Eftir því sem leið á stríðið og þýski herinn varð undir fyrir Bandamönnum minnkaði starfsemi loftvarnefndarinnar í Reykjavík. Þetta kom bæði fram í færri

¹⁸⁰ „Fyrirætlanir loftvarnanefndar“, *Morgunblaðið* 14. Maí 1940

nefndarfundum og loftvarnaæfingum. Þó voru Reykvíkingar hvattir til að láta ekki af árvekni sinni. Ekki væri hægt að spá fyrir um framvindu hernaðaraðgerða þótt líkur á loftárásum Þjóðverja við norðanvert Atlantshaf teldust hverfandi eftir innrás Bandamanna í Frakkland 1944.

Eitt helsta ágreiningsefnið varðandi loftvarnastarf í Reykjavík á stríðsárunum var skipting kostnaðarinnar á milli ríkis og bæjar. Þessi ágreiningur kom upp strax eftir hernámið. Ekki var við neina löggjöf að styðjast og því fullkomin óvissa um, hver ætti að greiða þann gríðarlega kostnað sem menn óttuðust að myndi skapast vegna starfa loftvarnanefndar. Þótt sett væru bráðabirgðalög um loftvarnir þar sem kostnaðinum var skipt jafnt á milli ríkis og bæja, óttaðist bæjarstjórn áfram að ríkisstjórnin myndi láta loftvarnanefndina standa fyrir óþarfa útgjöldum á sinn kostnað að hálfu. Hún beitti sér þess vegna fyrir því að færa stjórn loftvarna til Péturs Ingimundarsonar slökkviliðsstjóra.

Ágreiningurinn um skiptingu kostnaðar af loftvarnastarfinu á milli ríkis og bæjar var einnig af pólitískum toga. Þar tókust þeir á sjálfstæðismaðurinn Bjarni Benediktsson borgarstjóri og Hermann Jónasson forsætis- og dómsmálaráðherra, formaður Framsóknarflokksins. Sjálfstæðismönnum í bæjarstjórn hafði augljóslega gramist að Hermann skipaði ungan og ólöglærðan mann, Agnar Kofoed-Hansen, lögreglustjóra bæjarins án samráðs við sig. Krafa bæjarstjórnarinnar var að Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri yrði framkvæmdastjóri loftvarnanefndar og hefði þannig hemil á nefndarformanninum, Agnari Kofoed-Hansen, og stillti útgjöldum í hóf. Má segja að valdatogstreitan milli bæjarins og ríkisvaldsins hafi fjarað út eftir því sem leið á styrjöldina. Hlutfallslega var kostnaðurinn vegna loftvarnaráðstafana mestur í upphafi styrjaldarinnar en þegar leið á komust hlutirnir í fastari skorður og mesti ágreiningurinn leið undir lok.

Kostnaðurinn vegna loftvarnastarfs nam tæplega 1.670.000 krónum á stríðsárunum og skiptist hann til hálfis á milli bæjarsjóðs og ríkissjóðs. Þetta þótti óheyrilega há upphæð sökum þess að fá dæmi voru um að Íslendingar hefðu áður þurft að stofna til útgjalda vegna hernaðaráttaka, eins og áður hefur komið fram. Þegar lítið er til útgjalda bæjarsjóðs Reykjavíkur á stríðsárunum sést að kostnaður vegna ráðstafa loftvarnanefndarinnar má teljast nokkuð mikill miðað við einstaka málaflökka, en árið 1942 nam hlutur bæjarsjóðs af loftvörnum (um 363.550kr.), eða 3,2% af

heildarrekstrargjöldum það árið. Má nefna að sama ár var framlag bæjarins til lista, íþrótt og útiveru 421.660 krónur eða aðeins 16% meira en til loftvarna. Þó er ekki hægt að segja að árið 1942 hafi verið dæmigert fyrir hlutfallið á milli loftvarnakostnaður og annarra rekstrarútgjalda bæjarsjóðs. Árið 1940 var hluti bæjarsjóðs í útgjöldum nefndarinnar aðeins 0,37% af rekstrargjöldum bæjarins, eða álíka mikill og Gagnfræðiskólar Reykvíkinga fengu. Árið 1941 voru útgjöld bæjarsjóðs til loftvarnaráðstafana tæplega 3% af heildarrekstrarkostnaði bæjarins, en 1943 var hlutfallið komið niður í tæplega 1% en ári síðar, 1944, var það komið niður í 0,2%. Þarf því engan að undra að töluverðar deilur hafi sprottið upp vegna kostnaðarhliðar loftvarnastarfsins en ljóst er að bæjarsjóður Reykjavíkur slapp betur frá loftvarnastríðinu en ætla mátti á yfirborðinu, þar sem stór hluti þeirra áhalda sem keypt voru á vegum nefndarinnar kom að notum hjá slökkviliði og lögreglu bæjarins eftir að nefndin hafði verið lögð niður.¹⁸¹

Skortur á tryggingum fyrir hjálparsveitir nefndarinnar olli einnig deilum, þar sem nefndarmenn gerðu sér grein fyrir því að án sjálfbóðaliðanna yrðu loftvarnaráðstafanir á hættutímum aðeins skugginn af því sem þær ættu að vera. Nefndarmennirnir reyndu eftir fremsta megni að ganga fljótt og örugglega frá tryggingum sjálfbóðaliðasveitanna í samvinnu við bæjarstjórn og ríkisstjórn. Eins voru fulltrúar sjálfbóðaliðanna voru einnig duglegir við að minna á sig í aðdraganda samningaviðræðna um þessi mál.

Þó að sumum bæjarfulltrúum hafi gramist ráðning Agnars Kofod-Hansens sem lögreglustjóra er ekki hægt að neita því að hann gegndi lykilhlutverki í loftvarnastarfi Reykjavíkur á stríðsárunum. Þar kom herþjálfun hans og flugþekking hans að góðum notum og vandasamt hefði verið að finna áhugasamari og hæfari forystumann í þessum efnum.

Þrátt fyrir þær miklu deilur sem einkenndu starf loftvarnaneftndar, sérstaklega í upphafi, má segja að nefndin hafi unnið gott og þarft verk og séð til þess að Íslendingar væru ekki varnarlausir fyrir loftárásam. Þótt ekki hafi komið til slíkra árása voru störf nefndarinnar og útgjöld réttlæt看leg þar sem ekki var hægt að sjá þróun stríðsins fyrir.

¹⁸¹ *Árbók Reykjavíkurbæjar 1945*: bls. 122-130

Heimildaskrá.

Óútgefnar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ), Reykjavík

Sendiráðið í London.

Bréfasafn. 31. örk 22. 1944-1945

Sendiráðið í Washington.

Bréfasafn. 57. örk 4. 1941-1942.

Stjórnarráð Íslands, I. skrifstofa.

Dagbók 15-16.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur (BsR), Reykjavík

Almannavarnir Reykjavíkur.

Öskjur 6-8. Ýmis skjöl vegna loftvarna 1940-1990

Borgarstjóri.

Málasafn: Askja 999 (loftvarnir 1941-1944)
og askja 1000 (loftvarnir)

Aðfanganúmer 3128

Aðfanganúmer 10597

Bæjarráð Reykjavíkur.

Gjörðabók 10. nóvember 1939 til 9. október 1942
og 23. október 1942 til 31. mars 1945

Aðfanganúmer 29.

Aðfanganúmer 5687.

Bæjarstjórn Reykjavíkur.

Fundargerðir 1940-1941

Aðfanganúmer 6619 (C).

Loftvarnarnefnd.

Fundagerðarbók 1940-1945.

Aðfanganúmer 21089.

Prentaðar heimildir

Alþingistíðindi 1941 A. Reykjavík 1941.

Árbók Reykjavíkurbæjar 1945. Reykjavíkurbær. Reykjavík 1945.

Björn Jón Bragason. „Loftvarnarsveitir reykvískra skáta í síðari heimsstyrjöld.“
Þjóðmál: Tímarit um stjórnmál og menningu 3. (2007), bls. 39-49.

Friðþór Eydal. *Vígdrekar og vopnagnýr: Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Bláskeggur. Kópavogur 1997.

Guðmundur Kristinsson. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. 2. útgáfa. Árnesútgáfan. Selfoss 2001.

Gunnar M. Magnúss. *Virkið í norðri I. Hernám Íslands*. 2. útgáfa. Bókaútgáfan Virkið. Reykjavík 1984.

Jóhannes Helgi. *Lögreglustjóri á stríðsárunum: Minningar Agnars Kofoed-Hansens*. Almenna bókafélagið. Reykjavík 1981.

Jón Hjaltason. *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*. Hólar. Akureyri 1991.

Loftvarnir: Leiðbeiningar fyrir almenning. Loftvarnanefndin. Reykjavík 1940.

Tómas Þór Tómasson. *Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939-1945*. I. *Mestu umbrotaár frá því á þjóðveldisöld*. Bókaklúbbur Arnars og Örlygs. Reykjavík 1984.

Þór Whitehead. *Bretarnir koma: Ísland í síðari heimsstyrjöld*. Vaka-Helgafell. Reykjavík 1999.

Þór Whitehead. *Ísland í hers höndum: Myndir úr stríði 1940-1945*. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2002.